

Sp.

36. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1984.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 17. október 1983.)

EFNISYFIRLIT

Inngangur
I. Markmið
1. Atvinnuöryggi
2. Hjöðnun verðbólgu
3. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd
4. Kaupmáttur
II. Stefna og ráðstafanir
1. Stefnan í gengismálum: Gengisfesta
2. Lánskjarastefnan
3. Stefnan í peningamálum
4. Erlendar lántökur
5. Fjármál ríkisins
6. Verðlags- og viðskiptamál
7. Launamál
8. Fjárfestingarstefnan
9. Málefni atvinnuveganna
10. Endurskipulagning stjórnkerfis og peninga- og lánastofnana
11. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda varanlegra framfara
III. Framvinda efnahagsmála 1983 og horfur 1984
Framvindan 1983
1. Almenn yfirlit
2. Efnahagsaðgerðir í maílok 1983
3. Fjármál ríkisins
4. Peningamál
5. Hagur atvinnuvega
Horfur 1984
6. Útflutningsframleiðsla og útflutningur
7. Verðlag og tekjur
8. Utanríkisviðskipti
9. Þjóðarútgjöld
10. Yfirlit þjóðhagsáætlunar
Töfluviðauki

Inngangur

Á liðnu ári og það sem af er þessu hefur þjóðarbúskapurinn hreppst mikinn andbyr. Við langvarandi lægð í hagvexti í helstu viðskiptalöndum og milliríkjavíðskiptum hefur bæst mikill samdráttur í fiskafla, en sjávarútvegur hefur borið uppi hagvöxt hér á landi um árabíl. Verulegur halli varð í viðskiptum við önnur lönd árið 1982, eða 10% af þjóðarframleiðslu, þjóðarframleiðsla dróst saman, verðbólga fór ört vaxandi og skuldir þjóðarinnar erlendis jukust. Umskiptin til hins verra í þjóðarbúskapnum voru þegar mikil á árinu 1982 en ágerðust enn framan af ári 1983, meðal annars vegna þess að þorskaflí á vetrarvertíð varð mun minni en árið áður og ekki þótti fært að leyfa loðnuveiði. Á sama tíma og útflutningstekjur þjóðarinnar minnkuðu hélt innlendur kostnaður jafnt og þétt áfram að hækka. Afkomugrundvöllur atvinnuveganna var því ótryggur, og þar með atvinnan í landinu. Við lok fyrsta ársfjórðungs var ljóst, að verðbólga stefndi óðfluga yfir 100% á ári. Að óbreyttu kerfi verðbóta hefðu laun hækkað um 22% hinn 1. júní 1983. Fyrirsjáanlegt var, að í kjölfarið tæki verðbólgan nýtt stökk upp á við.

Að afstöðnum alþingiskosningum 23. apríl síðastliðinn blöstu þess vegna við erfiðari verkefni í efnahagsmálum en um langt skeið. Efnahagsvandinn, sem við var að glíma, á rætur að rekja til erfiðra ytri skilyrða og innri hagstjórnarvanda.

Ríkisstjórnin, sem tók við starfi hinn 26. maí 1983, greip þegar í stað til róttækra efnahagsráðstafana. Þessar ráðstafanir beindust að því að draga ört úr verðbólgu, tryggja afkomu atvinnuveganna og minnka viðskiptahallann við útlönd. Aðgerðum þessum er nánar lýst í kaflanum um framvindu efnahagsmála síðar í þessari skýrslu, en í meginatriðum voru þær fólgna í lækkun gengis, afnámi verðbóta á laun, lögbindingu launahækkunar til janúarloka 1984, og tekjuskiptingaradgerðum innan sjávarútvegsins auk þess sem skattar voru lækkaðir nokkuð og tilfærslur til heimilanna auknar til að milda áhrif adgerðanna á kjör almennings.

Nú að liðnum rösklega fjórum mánuðum er ekki annað að sjá en framvindan hafi verið nokkurn veginn í samræmi við þær áætlanir, sem gerðar voru um áhrif adgerðanna við stjórnarskiptin. Óhjákvæmilegar verðhækkningar í kjölfar gengisbreytingarinnar í maílok og óleystra vandamála frá fyrri tíð eru nú að mestu komnar fram og verðbólgan hefur lækkað ört undanfarna tvo mánuði. Þannig var árshraði verðbreytinga á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar á tímabilinu 1. ágúst til 1. október um 25% samanborið við 131% á tímabilinu 1. febrúar til 1. maí og 118% á tímabilinu 1. maí til 1. ágúst 1983. Útlit er fyrir, að verðbreytingar hafi mjög hægt á sér, og verðbólguhraðinn um áramót verði örugglega kominn niður fyrir 30% á ári. Vísitala byggingarkostnaðar hefur reyndar hækkað um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí til september 1983, sem jafngildir um 30% árshraða. Atvinnuástand hefur verið viðunandi enda samkeppnisstaða atvinnuveganna yfirleitt góð, ef frá eru taldar nokkrar greinar innan sjávarútvegs, en þar er um sérstök vandamál að ræða, sem lengri tíma tekur að leysa. Sæmilegt jafnvægi virðist hafa náðst í kaupum og sölu á gjaldeyri, og horfur eru á að viðskiptahalli verði miklu minni en á liðnu ári, eða um 2,2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 10% 1982. Fyrstu adgerðir ríkisstjórnarinnar hafa því borið tilætlaðan árangur. Enn er þó við að glíma jafnvægisleysi í ríkisfjármálum og peningamálum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum mun á næstu mánuðum beinast að því annars vegar að tryggja áframhaldandi árangur adgerðanna, sem gripið var til við stjórnarskiptin, og hins vegar að teysta grundvöll efnahagslífsins með samstilltum adgerðum í gengismálum,

fjármálum ríkisins og peningamálum, jafnframt verður stuðlað að framförum í atvinnu-
málum.

Í fyrsta hluta þessarar skýrslu er gerð grein fyrir markmiðum efnahagsstefnunnar. Í
öðrum hlutanum er gerð grein fyrir stefnu og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmál-
um og í þriðja hlutanum er lýst framvindu og horfum í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og
þær virðast í þingbyrjun 1983. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið
1984 eru reist á sömu markmiðum og forsendum í efnahagsmálum og hér er lýst.

I. Markmið

Ríkisstjórnin setti fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið:

- Atvinnuöryggi.
- Hjöðnun verðbólgu.
- Viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.
- Verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem þungst framfæri hafa.

Þessi stefnumið gilda einnig framvegis, en forsenda árangurs í þessum efnum er, að það
takist að:

- Koma sem fyrst á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.
- Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni.
- Örva framfarir og fjölbreytni í atvinnulífinu.
- Bæta skipulag stjórnkerfisins og peninga- og lánastofnana.

Að þessum verkefnum hefur ríkisstjórnin unnið og mun vinna á starfstíma sínum.

1. Atvinnuöryggi.

Á síðastliðnu vori var mikil hættu á því, að óðaverðbólga kippti fótunum undan
atvinnuvegunum og stofnaði þar með atvinnu manna í hættu. Tekist hefur að bægja þessari
hættu frá. Áætlað er, að skráð atvinnuleysi á þessu ári verði að meðaltali um 1% af
mannaflo. Þessi tala er með því að allra lægsta sem þekkist í nálægum löndum. Ríkisstjórnin
setur áframhaldandi atvinnuöryggi sem meginmarkmið í landsmálum á næsta ári. Til þess að
þetta markmið náist þarf afkoma atvinnuveganna að vera tryggð. Í því efni ráða ákvarðanir
annarra aðila í hagkerfinu ekki síður úrslitum en ákvarðanir stjórnvalda.

2. Hjöðnun verðbólgu.

Víst má telja, að verðbólguhraðinn verði í árslok 1983 kominn niður fyrir 30% miðað við
heilt ár. Þetta er mikill árangur þegar þess er gætt að verðbólgan fór yfir 130% árshraða á
fyrstu mánuðum ársins. Mikið er í húfi, að það takist að staðfesta þennan árangur og ná enn
frekari hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur sett sem mark í þessu efni, að í lok
árs 1984 verði verðbólga komin undir 10% á ári. Hvort slíkur árangur næst er auðvitað ekki
eingöngu undir aðgerðum stjórnvalda komið heldur einnig ytri skilyrðum og ekki síst
ákvörðunum annarra aðila í hagkerfinu. Það hlýtur að vera keppikefli efnahagsstefnunnar
að koma verðbreytingum hér á landi sem fyrst niður á svipað stig og ríkir í nágrannalönd-
unum.

3. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1983 bendir til þess að verulega muni draga úr viðskiptahalla. Því er
spáð að viðskiptahallinn verði 1 150 milljónir króna eða 2,2% af þjóðarframleiðslu
samanborið við 10% 1982. Þetta er mikilsverður árangur. Þess þarf þó að gæta, að hann

stafar að nokkru leyti af birgðabreytingum. Afar mikilvægt er því að enn verði haldið í átt til betra jafnvægis á næsta ári. Stefna þarf að sem næst hallalausum viðskiptajöfnuði árið 1984, sem er forsenda þess, að unnt verði að stöðva söfnun skulda erlendis. Ríkisstjórnin mun stefna að því, að erlendar skuldir sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækki ekki á næsta ári.

4. Kaupmáttur.

Lífskjör þjóðarinnar hlutu að skerðast vegna óhagstæðrar efnahagsþróunar á árinu 1983. Í fyrsta lagi er hér um að ræða óhjákvæmilega aðlögun að afturkipti í þjóðarbúskapnum árin 1982 og 1983. Í öðru lagi voru þjóðarútgjöld þegar á árunum fyrir 1982 um efni fram, eins og meðal annars kom fram í miklum viðskiptahalla 1981. Í þriðja lagi er um að ræða tímabundna, en ekki síður nauðsynlega kaupmáttarfórn til þess að takast megi að draga ört úr verðbólgu án þess að til atvinnubrests komi. Því er spáð, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði um 12% minni 1983 en hann var 1981 en þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann 9—10% minni. Í þessu sambandi er þess að gæta, að viðskiptahalli nam 5% af þjóðarframleiðslu árið 1981. Þótt dregið hafi verið úr fjárfestingu um 10% á þessu ári og spáð sé 5—6% samdrætti í fjárfestingu á næsta ári virðist ekki líklegt eins og nú horfir, að herra kaupmáttarstig en spáð er á síðari hluta árs 1983 samrýmist að sinni jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Kaupmáttur launa og ráðstöfunartekna verður nokkru lægri á síðustu mánuðum ársins 1983 en að meðaltali yfir árið, og er talið að sá munur geti verið um 5%. Til þess að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd á næsta ári er ekki svigrúm til almennra kjarabóta frá þessu stigi fyrst um sinn. Vonir standa til þess að á næsta ári verði botni náð í þeim öldudal, sem þjóðarbúskapurinn hefur verið í um tveggja ára skeið. Ríkisstjórnin vill stuðla að því, að lífskjör almennings fari batnandi á ný jafnskjótt og jafnvægi er náð í þjóðarbúskapnum og hagvöxtur glæðist á ný.

II.

Stefna og ráðstafanir

Í stefnuýfirlýsingu sinni lýsti ríkisstjórnin grundvelli efnahagsstefnu sinnar með þessum orðum:

Festa verði sköpuð með raunhæfri gengisstefnu, sem ásamt aðhaldssamri fjármála- og peningastefnu myndi umgerð ákvarðana í efnahagslífinu. Að loknum aðlögunartíma beri aðilar vinnumarkaðarins ábyrgð á samningum um kaup og kjör í ljósi hinnar opinberu stefnu í gengis- og kjaramálum.

Í stefnuýfirlýsingunni kom einnig fram, að stjórnin myndi í þjóðhagsáætlun, fjárlagafrumvarpi og lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, að undangengnum viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, marka stefnu í fjármálum, peningamálum, gengismálum og launamálum til að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu, verndun kaupmáttar og atvinnuöryggi á næsta ári.

Hér á eftir verður þessari stefnu og ákvörðunum, sem á henni eru byggðar, lýst í einstökum atriðum. Þessi stefna markar tímamót í stjórn efnahagsmála. Með henni kynnir ríkisstjórnin tímanlega með afdráttarlausum og ákveðnum hætti stefnu sína að því er varðar gengi, ríkisfjármál, lánskjör og peningamál fyrir næsta ár, þannig að aðrir aðilar geti tekið sínar eigin ákvarðanir í því ljósi. Í þessu sambandi skal skýrt fram tekið, að það er staðfastur ásetningur ríkisstjórnarinnar að hvika ekki frá þessari stefnu. Mikil ábyrgð hvílir á öllum þeim fjölmörgu aðilum í hagkerfinu, sem fara með ákvörðunarvald hver á sínu sviði, að ekki verði farið út fyrir þau mörk, sem samrýmast jafnvægi í þjóðarbúskapnum og áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.

1. Stefnan í gengismálum: Gengisfesta.

Við stjórnarmyndunina var því lýst yfir, að stefnt yrði að sem mestum stöðugleika í gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, eftir því sem aðstæður innanlands og utan frekast leyfðu. Þessari stefnu hefur verið framfylgt og verður fylgt framvegis. Eftir gengisbreytinguna 27. maí hefur meðalgengi gagnvart helstu gjaldmiðlum haldist nær óbreytt.

Gengisbreytingin í maí síðastliðnum var við það miðuð að mynda fullnægjandi almennan rekstrargrundvöll framleiðslustarfseminnar fram til næstu áramóta og draga úr viðskiptahalla, án þess að grípa þyrfti til sérstakrar gengisaðlögunar vegna hækkunar launa og fiskverðs í byrjun október. Ekki hefur orðið nein sú breyting á ytri aðstæðum síðan, að tilefni gefi til breyttra viðhorfa í þessu efni. Að óbreyttum framleiðslukostnaði í landinu og ytri skilyrðum gefur gildandi gengi hvatningu til aukinnar framleiðslu til útflutnings og sparnaðar í innflutningi, og er þannig undirstaða, sem unnt er að reisa á bættan þjóðarhag. Kjarasamningar verða að miðast við að ráða tekjuskiptingunni til lykta á grundvelli raunverulegra verðmæta án skerðingar á gildi krónunnar, en jafnframt án þess að stofna afkomu og atvinnu í hættu.

Ríkisstjórnin mun stefna að sem mestri gengisfestu á næsta ári og með því mynda trausta og raunhæfa umgjörð um tekjuákvörðanir stétta og atvinnugreina. Á grundvelli þessarar stefnu mun Seðlabankinn skrá daglegt kaup- og sölugengi með þeirri meginviðmiðun að halda meðalgengi sem stöðugustu á næsta ári innan 5% marka til hvorrar áttar eftir því sem nánar verður ákveðið. Áskilja verður nokkurn sveigjanleika eftir breytilegu gengi helstu gjaldmiðla erlendis. Breytt raunveruleg ytri skilyrði geta orðið óhjákvæmilegt tilefni gengisendurskoðunar, hvort sem er til lækkunar eða hækkunar. Frá viðnámi við innlendri verðbólguþróun verður hins vegar ekki hvikað, og verður sú stefna einnig studd aðhaldi á öllum öðrum sviðum hagstjórnar.

Ríkisstjórnin telur að þetta sé raunhæf gengisstefna miðað við horfur í efnahagsmálum fyrir næstu misseri, en nú standa vonir til, að útflutningsframleiðsla muni aukast lítillega á næsta ári eftir tveggja ára samdráttarskeið og viðskiptakjör haldist óbreytt í meginatriðum.

Ásamt aðhaldi í fjármálum og peningamálum, mun þessi stefna stuðla að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu og betra jafnvægi í efnahagsmálum á næsta ári. Með þessari ákvörðun er mótuð almenn umgjörð fyrir ákvörðanir og samninga í efnahagslífinu, er gerðir verði á ábyrgð þeirra, sem að þeim standa.

2. Lánskjarastefnan.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var ákveðið, að vextir skyldu lækka í samræmi við verðbólguþróun, svo fljótt sem árangur af hjöðnunaraðgerðum gegn verðbólgu leyfði. Grundvöllur lánskjara skyldi endurskoðaður og stefnt að lengri lánstíma.

Þegar verulegur árangur í viðureigninni við verðbólgunu fór að koma í ljós í september, var stigið fyrsta skrefið til lækkunar. Hinn 21. september síðastliðinn voru vextir af óverðtryggðum útlánum og innlánum lækkaðir að meðaltali um nálægt 7% miðað við ársávöxtun, en misjafnlega til nokkurrar leiðréttingar á þeirri mismunun, sem á var orðin í vaxtakerfinu. Að óbreyttum horfum um áframhaldandi hjöðnun verðbólgunnar er gert ráð fyrir frekari vaxtalækkunum í viðbót til áramóta. Þessari stefnu verður fram haldið á árinu 1984 eftir því sem úr verðbólgu dregur.

Sú lækkun vaxta, sem þegar hefur verið ákveðin og ráðgerð, mun bæta greiðslustöðu atvinnuvega og einstaklinga, og þar með stuðla að aðlögun kostnaðar að stöðugra verðlagi og hvetja til hófstillingar í verðákvörðunum og enn frekari árangurs í hjöðnun verðbólgu. Að fenginni samræmingu vaxta og verðbólgu verður meginstefnu laga um verðtryggingu sparifjár og annarra fjárskuldbindinga fylgt á næsta ári, og munu kostir slíks kerfis þá koma

æ betur í ljós með hjaðnandi verðbólgu. Mun ákvörðun hæfilegra raunvaxta eiga veigamiklu hlutverki að gegna til eflingar sparnaðar og bættis jafnvægis lánsfjármarkaðar og þjóðarbús á næsta ári og framvegis. Að því er stefnt að raunvextir verði jákvæðir í lok næsta árs.

Tímabil gengisfestu frá júníbyrjun hefur enn leitt í ljós, að útflutningsatvinnuvegir búa við aðra tekjuþróun en fram kemur í innlendu verðlagi. Til þess að koma á betra samræmi í þessum efnum var því nýlega ákveðið að taka á ný upp gengisbundin afurðalán vegna útflutningsafurða. Afurðalán munu framvegis verða bundin gengi SDR — sérstakra dráttarréttinda¹⁾ — og bera vexti, sem hreyfast með SDR-vaxtaviðmiðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessi tilhögun mun gilda frá 21. september 1983. Vextir af þessum afurðalánum hafa í upphafi verið ákveðnir 9½% frá viðskiptabönkum til endanlegra lántakenda fyrir september og október.

Breytingar hafa verið gerðar á útreikningi lánskjaravísitölu í því skyni, að hún fylgi með sem minnstri töf hjöðnun verðbólgunnar. Vísitalan er nú frá og með 1. október síðastliðnum reiknuð á grundvelli mánaðarlegra útreikninga framfærslu- og byggingarkostnaðar. Lánskjaravísitalan hækkaði um 1,4% 1. október samkvæmt þessari nýju aðferð. Hinn nýi reikningsháttur var þó látinn taka gildi mánuði fyrr gagnvart opinberum húsnæðislánum og námslánum, en við það hækkuðu þessi lán hinn 1. september 3% minna en ella, og var tilmælum beint til lífeyrissjóðanna, að sama regla yrði lánin gilda um íbúðalán þeirra.

Lánstími verðtryggðra lána er í mörgum tilvikum of skammur. Ríkisstjórnin gerði því þegar við stjórnarskiptin ráðstafanir til að heimila frestun á hluta afborgana og vaxta af húsnæðislánum. Frá upphafi var þó ljóst, að þessi frestur hrykki skammt. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir almennri lengingu lánstíma verðtryggðra lána í samræmi við meginstefnu laga nr. 13/1979 um þetta efni. Sérstakar ráðstafanir verða gerðar á sviði húsnæðislána. Lán Byggingarsjóðs ríkisins eru hækkuð um 50% að tiltölu við kostnaðarviðmiðun og gildir það afturvirkrt um nýbyggingar- og húsa kaupalán á árunum 1982-83. Lánstími lengist um 5 ár, upp í 31 ár á nýbyggingarlánum og 21 ár á lánum út á eldra húsnæði. Lán verða afborganalaus fyrstu tvö árin og gjalddögum fjölgað í 4 á ári. Haldið verður áfram að efla húsnæðislanakerfið á næstu árum til aukinnar lánagetu miðað við byggingarkostnað.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 verður nánari grein gerð fyrir þessum ráðstöfunum.

Meðal annars með framangreindum ráðstöfunum hyggst ríkisstjórnin koma á eðlilegu ástandi á lánamarkaði, en það viðfangsefni er mjög mikilvægt nú, þegar þjóðarbúið er að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar.

3. Stefnan í peningamálum.

Mikilvægt er, að aðhald í peningamálum stuðli að því ásamt aðhaldi í erlendum lántökum og ríkisrekstri, að árangur náist bæði í lækkun verðbólgu og bata í viðskiptajöfnuði við útlönd á næsta ári. Auk raunhæfrar lánskjarastefnu verður stuðlað að þessu með því að halda aukningu peningamagns og útlánum bankakerfisins innan eðlilegra marka miðað við þróun þjóðarframleiðslu og þau markmið um minnkandi verðbólgu, sem ríkisstjórnin hefur sett. Til þess að svo megi verða er sérstaklega brýnt, að takmakað verði útstreymi fjár úr Seðlabankanum til innlánsstofnana, en þar skiptir þróun endurkaupa og annarrar fyrirgreiðslu Seðlabankans mestu máli. Til þess að ná árangri í þessum efnum verður sérstaklega stefnt að því að endurskoða núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi bankanna, m. a. með það í huga, að draga úr endurkaupastarfsemi Seðlabankans, en auka hlutdeild viðskiptabanka og sparisjóða í þessari lánastarfsemi að sama skapi.

1) SDR er alþjóðlegur gjaldmiðill byggður á meðalgengi fimm helstu viðskiptamynta heimsins.

4. Erlendar lántökur.

Miklar erlendar lántökur hafa á undanförunum árum átt þátt í því að draga úr nauðsynlegu aðhaldi í opinberri fjármálastjórn og fjárfestingu og grafa undan peningalegu jafnvægi. Samkvæmt nýjustu spám lítur út fyrir, að erlendar skuldir muni í árslok 1983 nema um 60% af þjóðarframleiðslu, en þetta hlutfall var 48% 1982 og 37% árið 1981. Stafar þessi öra hækkun undanfarin tvö ár annars vegar af miklum erlendum lántökum, en hins vegar af minnkun þjóðarframleiðslu og miklum hækkunum á gengi erlendra gjaldmiðla, sem þessar skuldir eru í skráðar.

Ríkisstjórnin mun því við frágang lánsfjáráætlunar leggja höfuðkapp á það, að frekari skuldasöfnun erlendis leiði ekki til þess, að skuldabyrðin í hlutfalli af þjóðarframleiðslu hækki frekar á næsta ári. Verður því gætt ýtrasta aðhalds í erlendum lántökum og þær bundnar við hagkvæmar og nauðsynlegar framkvæmdir og öflun framleiðslutækja, einkum til útflutnings-, framleiðslu- og samkeppnisgreina.

5. Fjármál ríkisins.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983 var stefnt að jafnvægi í ríkisfjármálum. Nýleg athugun bendir hins vegar til þess að á árinu 1983 skili tekjustofnar ríkissjóðs ekki þeim tekjum sem til þarf, eigi jafnvægi að haldast í ríkisfjárhagnum. Horfur eru á að rekstrarhalli ríkissjóðs í árslok muni verða 800—900 milljónir króna. Þar við bætist að lánajöfnuður mun að öllum líkindum reynast neikvæður um 200—250 milljónir króna. Greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu gæti því orðið 1 000—1 200 milljónir króna. Sá fjáröflunarvandi, sem þessu fylgir, verður að svo stöddu ekki leystur á annan hátt en með lántökum.

Hin miklu umskipti, sem nú blasa við í ríkisfjármálum, fela í sér vandamál til úrlausnar, sem stjórnvöld munu taka á við gerð fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Á sviði ríkisfjármála eru þrjú meginviðfangsefni á næsta og næstu árum.

Í fyrsta lagi hafa ríkisumsvif og skattheimta aukist á undanförunum árum. Ríkisstjórnin mun láta fara fram gagngera endurskoðun á ríkisfjármálum, með það fyrir augum að draga úr ríkisumsvifum og útgjöldum, án þess að það bitni á eðlilegri og nauðsynlegri þjónustu við almenning. Tilteknir þættir, sem nú eru í forsjá hins opinbera, verða færðir til einkaaðila. Ríkið mun draga úr afskiptum af atvinnustarfsemi. Skipan skattheimtu og tollheimtu verður einfölduð og samræmd. Uppsöfnunaráhrifum tolla og aðflutningsgjalda verður eytt og stefnt að lækkun þeirra. Samskipti við sveitarfélög verða einfölduð á þann hátt, að staðbundnum verkefnum verði yfirleitt stjórnað og fjár aflað til þeirra af sveitarfélögum. Þetta eru langtímaviðfangsefni sem ríkisstjórnin hefur sett sér, en fyrstu skrefin í þessa átt hafa þegar verið stigin og nokkur birtast í fjárlagafrumvarpinu.

Annað meginviðfangsefni er sá mikli halli, sem myndast hefur hjá ríkissjóði á árinu 1983. Horfur virðast nú á, að greiðsluhalli verði 1 000—1 200 milljónir króna á þessu ári. Hér veldur í senn afturkippur í þjóðarbúskapnum, sem kemur hart niður á tekjum ríkissjóðs, en einnig vöxtur útgjalda. Þær aðstæður, sem orðið hafa þess valdandi, að halli hefur myndast á ríkissjóði 1983, munu einnig hafa nokkur áhrif á næsta ári. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að lánsfjárbörf ríkissjóðs verði áfram veruleg á næsta ári, en öll fjárlagagerðin miðast við það að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Leitað hefur verið allra leiða til þess að lánsfjárbörfin verði sem minnst. Til þess að fjármagna hallann, sem myndast hefur á árinu 1983, er meðal annars í undirbúningi útgáfa á gengistengdum skuldabréfum, sem verða boðin til sölu innanlands ásamt venjubundnum spariskírteinum. Auk þess verða gefin út sérstök skuldabréf, sem tengjast tilteknum verkefnum eins og væntanlegt skuldabréfaútboð

vegna húsnæðislána. Með þessum hætti og fleiri ráðstöfunum verður stuðlað að því, að það markmið náist, sem ríkisstjórnin hefur sett sér varðandi erlendar lántökur á næsta ári.

Tilhögun innlestrar lánsfjáröflunar á þessu og næsta ári verður nánar skýrð í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Þriðja höfuðverkefnið á sviði ríkisfjármála um þessar mundir, sem reyndar er samofið hinum fyrri tveimur, eru fjármálaráðstafanir til að styðja stefnu stjórnvalda í baráttunni við verðbólguna en styrkja jafnframt stöðu þeirra, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu. Í þessu skyni voru skattar lækkaðir og tilfærslur til heimilanna hækkaðar sérstaklega á árinu 1983. Erfið fjárhagsstaða ríkissjóðs setur því fé þröngar skorður, sem ráðstafa má í þessu skyni. Hér er hins vegar um það að ræða að kjörum sé skipað af sanngirni. Ríkisstjórnin er staðráðin í því að auka ekki skattaálagur á almenning og atvinnuvegi þrátt fyrir erfiða stöðu ríkissjóðs. Þótt ekki sé svigrúm til frekari skattalækkana í bili, stefnir ríkisstjórnin að áframhaldandi lækkun skatta í áföngum á kjörtímabilinu. Í fjárlagafrumvarpinu er að því stefnt, að sá stuðningur við lífskjör hinna lakast settu, sem ríkisstjórnin veitti á árinu 1983, rýrni ekki. Þannig verður til dæmis verulegum fjárhæðum ráðstafað til þess að jafna húshitunarkostnað í landinu. Í lánsfjáráætlun verður einnig gert ráð fyrir auknu fé til húsnæðislána, enda hagar margra húsbýggjenda erfiður. Í fjárlagafrumvarpinu felst, að skattbyrði heimilanna verði ekki þyngri að tiltölu en hún er á árinu 1983. Allt er þetta framhald þeirrar stefnu, sem mótuð var með og í kjölfar bráðabirgðalaganna um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, sem sett voru í maílok.

Minnkuð umsvif hins opinbera á árinu 1984 koma skýrt fram í áætlun um opinberar framkvæmdir, en ráðgert er að draga um 8—9% úr opinberum framkvæmdum. Framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eru ýmist alveg aflögð eða þau takmörkuð. Byggingaráformum á ýmsum sviðum er slegið á frest og dregið úr byggingarhraða annars staðar. Verður ekki undan þessu vikist eigi ríkisstjórnin að geta staðið við loford í húsnæðis- og vegamálu, sem njóta forgangs. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1984 mun stefna hins opinbera að því varðar fjárfestingu og lánsfjáröflun til framkvæmda skýrð nánar.

6. Verðlags- og viðskiptamál.

Til janúarloka 1984 gilda ákvæði bráðabirgðalaga nr. 58/1983 um sérstaka meðferð verðlagsmála. Á þeim tíma verða eingöngu leyfðar verðhækkanir vegna brýnustu kostnaðarhækkana. Gjaldskrár opinberra fyrirtækja munu haldast óbreyttar frá því sem nú er eða að minnsta kosti fram til janúarloka 1984. Að þessu tímabili liðnu verður dregið úr opinberum afskiptum af verðákvörðunum, þannig að neytendur og atvinnuvegir fái að njóta hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar, þar sem samkeppni er næg. Sveitarfélögin munu sjálf ákveða gjaldskrár þjónustufyrirtækja sinna. Ríkisstjórnin mun láta almennar reglur laga og viðskiptalífs ráða verðmyndun framvegis. Í þessu felst ekki afskiptaleyfi af verðlagsþróun. Hins vegar verður hér eftir meira treyst á það aðhald, sem samkeppni og verðkannanir og eftirlit með samkeppnishömlum af opinberri hálfu veitir, en beina íhlutun ríkisins í einstakar verðákvæðanir.

Haldið verður áfram að tryggja sem hagstæðasta markaði erlendis fyrir íslenskar framleiðsluvörur, meðal annars með virkri þátttöku í samstarfi Evrópulanda um fríverslun og sérstökum samningum við þau markaðslönd, sem ekki eru aðilar að því samstarfi. Vegna þýðingar utanríkisviðskipta fyrir Ísland er áriðandi að alþjóðaviðskipti séu frjáls og staðið verði gegn hverskonar óeðlilegum hömlum og verndarráðstöfunum sem torvela þau.

7. Launamál.

Tímabili lögbindingar launa lýkur í janúarlök 1984. Þar eftir eru kaup og kjör á valdi og ábyrgð samningsaðilanna á vinnumarkaðnum. Verðbótaákvæði eru þó óheimil í kjarasamningum fram til maíloka 1985.

Með því að birta fyrirfram ákveðna stefnu í gengismálum, peninga- og fjármálum hefur verið markaður rammi fyrir þróun helstu stærða í hagkerfinu á næsta ári að svo miklu leyti sem þær eru á valdi ríkisstjórnarinnar. Þessi rammi er þannig sniðinn, að verðbólga fari enn hjaðnandi á næsta ári. Í samningum við opinbera starfsmenn mun ríkisstjórnin miða afstöðu sína við þessa umgjörð. Í því felst að hækkun peningalauna á næsta ári eru þröngar skorður settar. Annars vegar af því að horfur virðast á að þjóðartekjur dragist fremur saman en aukist á næsta ári og hins vegar af þeirri brýnu þörf, sem á því er að áfram verði dregið úr verðbólgu og viðskiptahalla. Innan þessara marka og á grundvelli stefnunnar í gengismálum verður í þessari þjóðhagsáætlun reiknað með því, að kauptaxtar verði að meðaltali um 6% hærri árið 1984 en þeir verða í byrjun ársins samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum. Í þessu felst hvorki tilboð né ákvörðun af ríkisins hálfu, en hins vegar mat á því hve lengst megi ganga í launahækkunum, þegar á heildinni er litið, ef takast á að ná þeim markmiðum sem efnahagsstefnunni hafa verið sett. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1984 er miðað við þessa áætlun um launabreytingar og samsvarandi gengis- og verðlagsbreytingar. Í þessu sambandi er rétt að hafa hugfast, að hagur almennings ræðst af sköpun raunverulegra verðmæta á þjóðarþúinu en ekki af þrátefli um skiptingu þjóðarteknanna við skilyrði óðaverðbólgu, þar sem kylfa ræður oft kasti. Ekki síst af þessum sökum er mikilvægt að það takist að hemja verðbólguna. Takist það verður greiðara fyrir fæti í sókn til betri lífskjara í landinu, sókn sem gæti hafist á næsta ári, ef skynsamlega er á málum haldið.

8. Fjárfestingarstefnan.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984 eru veigamiklar ákvarðanir um framkvæmdir hins opinbera, um framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga og til fjárfestingarlánasjóða, sem áhrif hafa á heildarfjárfestinguna á næsta ári. Þessar ákvarðanir eru undirstaða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984, sem lögð verður fram á Alþingi ásamt frumvarpi til lánsfjárlaga á næstu vikum. Með þessum ákvörðunum er stefnt að 8—9% samdrætti í opinberum framkvæmdum á næsta ári. Frumdrög að fjárfestingarspá fyrir árið 1984 benda til þess að önnur fjárfesting muni dragast heldur minna saman, þannig að fjárfesting í heild verði 5—6% minni 1984 en 1983. Í þessu felst, að hlutfall heildarfjárfestingar af þjóðarframleiðslu verði innan við 24%, sem er lægra en verið hefur mörg undanfarin ári. Þetta aðhald í fjárfestingu á þjóðarþúinu er nauðsynlegt til þess að draga úr halla á utanríkisviðskiptum. Í sambandi við fjárfestingarstefnuna skipta þó ekki heildarfjárfæðirnar einar máli, ekki er síður mikilvægt, að fjárfestingin beinist í hagkvæmar og arðsamar framkvæmdir, en á það leggur ríkisstjórnin ríka áherslu.

9. Málefni atvinnuveganna.

Ríkissjórnin setur atvinnuöryggi og framfarir í atvinnumálum efst á stefnuskrá sína. Í stefnuvísun ríkisstjórnarinnar segir meðal annars um atvinnumál:

Til þess að auka hagvöxt og atvinnuöryggi verður áhersla lögð á að efla atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingu. Í því skyni verða m. a. starfsskilyrði atvinnuveganna jöfnuð og samkeppnisstaða íslenskra atvinnugreina styrkt. Skattalögum verði breytt þannig að þau örvi fjárfestingu og eiginfjármýndun í atvinnulífinu.

Sjávarútvegur.

Fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum miðuðust ekki síst við það að leysa rekstrarvanda sjávarútvegs og komast út úr kerfi niðurgreiðslna olíu til fiskiskipa, sem fól í sér millifærslu milli greina. Hagur fiskvinnslu er nú viðunandi, þótt saltfisk- og skreidarverkun glími við markaðserfiðleika, sem vonandi reynast tímabundnir. Afkoma útgerðar er mjög erfið. Í þessu efni veldur ekki síst að afkastageta flotans er miklu meiri en samsvarar aflabrögðum nú. Leitað er leiða til lausnar á þessum vanda.

Áhersla verður lögð á það að ná hámarksafrakstri fiskistofna með hagkvæmum hætti, meðal annars með veiðum á fleiri tegundum nytjafiska og samstarfi við nágrannaþjóðirnar um hámarksafrakstur þeirra fiskistofna, sem ganga á milli auðlindalögsögu Íslendinga og annarra þjóða. Í þessu skyni verða hafrannsóknir eflaðar með markvissari nýtingu þess fjár, sem til þeirra er varið, og með endurskoðun á rekstri hafrannsóknaskipanna. Fiskileit verður aukin.

Stefnt verður að aukinni hagkvæmni í fiskveiðum, meðal annars með því að stuðla að sem hagkvæmasti stærð og nýtingu fiskiskipastóls landsmanna. Fjárfesting í nýjum fiskiskipum verður mjög takmörkuð á næstunni. Aðgerðir til orkusparnaðar á fiskiskipaflotanum verða auknar. Rík áhersla verður lögð á gæði framleiðslunnar í öllum greinum veiða og vinnslu. Í nánu samráði við aðila atvinnugreinarinnar mun sjávarútvegsráðuneytið áfram beita sér fyrir viðtækri kynningar- og fræðslustarfsemi um gæði sjávarafurða. Lög og reglur um Framleiðslueftirlit sjávarafurða verða endurskoðuð, meðal annars með það í huga, að ábyrgð framleiðenda og útflytjenda á framleiðslunni verði aukin. Sjávarútvegsráðuneytið mun stuðla að því, að verðlagning sjávarafurða fari eftir gæðum. Gerð verður athugun á því, hvaða leiðir séu færar til þess að auka hagkvæmni í útgerð og vinnslu, með sparnaði og aukinni framleiðni. Af opinberri hálfu verður að því stefnt að fjárfesting í fiskiðnaði miðist við endurbætur og betri nýtingu þeirra fiskvinnslustöðva sem nú eru í rekstri. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verður eflaður, og honum verður eingöngu beitt til að jafna sveiflur á verði sjávarafurða en ekki sem farvegi fyrir styrki eða millifærslur milli greina.

Landbúnaður.

Erfitt árferði og markaðsaðstæður hafa mjög mótað stöðu landbúnaðarins að undanfögnu. Ríkisstjórnin hefur veitt aðstoð til hjálpar, þar sem áföllin hafa orðið mest.

Leggja verður áherslu á það í framtíðinni að styrkja stöðu búrekstrarins og auka öryggi hans, til þess að unnt verði að framleiða sem flestar tegundir búvöru á sem hagstæðustu verði fyrir innlendan markað. Brýnt er að aðlaga búvöruframleiðsluna sem mest að markaðsmöguleikum og draga úr þörf fyrir útflutningsbætur.

Unnið verður skipulega að því að efla þær greinar, sem eiga útflutningsmöguleika. Má þar sérstaklega benda á iðnaðarvörur úr landbúnaðarafurðum ásamt loðdýrarækt og fiskeldi, auk greina þar sem nokkur útflutningur er nauðsynlegur vegna afkomuöryggis.

Til að draga úr framleiðslukostnaði var söluskattur af vélum og tækjum til landbúnaðar felldur niður, sem veldur því að verð til neytenda er að sama skapi lægra.

Nauðsynlegt er, að landbúnaðarlöggjöfin styðji sem best þá stefnu, sem unnið er að. Þegar hefur verið ákveðið í hagræðingarskyni að færa til þau verkefni, sem Landnám ríkisins hefur með höndum og unnið er að endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins með hliðsjón af þeim atriðum, sem koma fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Iðnaður.

Hagur iðnaðar vænkaðist mjög við efnahagsaðgerðirnar í maí síðastliðnum. Unnið verður að því áfram að bæta almenn starfsskilyrði iðnaðar. Meðal annars verður þetta gert með bættum skilyrðum til eiginfjármýndunar, greiðari aðgangi að rekstrarlánnum og fjármagni til

fjárfestingar, endurbótum í skatta- og tollamálum, hagnýtri rannsóknarstarfsemi af hálfu hins opinbera, afnámi verðlagsákvæða í samkeppnisiðnaði, innkaupastefnu opinberra aðila og fleiri aðgerðum.

Þau opinberu framkvæmdaáform, sem fyrir liggja á sviði iðnaðar, verða endurskoðuð vandlega og gengið úr skugga um, að um arðbærar framkvæmdir sé að ræða.

Gerðar verða sömu gæða- og öryggiskröfur til innfluttrar vöru og íslenskrar framleiðslu. Jafnframt verða gerðar þær ráðstafanir, sem milliríkjasamningar leyfa, til verndar innlendum iðnaði gegn óeðlilegum styrktaraðgerðum og undirboðum.

Orkumál og orkufrekur iðnaður.

Orkulindir landsins þarf að hagnýta til þess að leggja grundvöll að nýrri framfarasókn. Við byggingu orkuvera verður þess gætt, að samræmi sé á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmda.

Tekist hefur að ná samkomulagi við svissneska álfélagið um endurskoðun á aðalsamningi þess og íslenska ríkisins um álbræðsluna í Straumsvík. Helstu atriði, sem um verður fjallað, eru raforkuverð, framleiðslugjald, hugsanleg stækkun álversins og eignaraðild íslenska ríkisins og þriðja aðila. Til bráðabirgða hefur náðst samkomulag um hækkun raforkuverðs í 10 mills (tíu þúsundustu úr bandaríkjadóllar) á kwst. Að því er stefnt, að endurskoðun sammingsins ljúki fyrir 1. apríl n. k., þannig að unnt verði að leggja fyrir það Alþingi, sem nú situr, frumvarp til laga um breytingar á aðalsamningnum.

Í tengslum við fjármálalega endurskipulagningu Járblendifélagsins verða kannaðir möguleikar á þriðja eignaraðila. Nýjum aðilum verður gefinn kostur á eignaraðild í Kísilmálmverksmiðjunni, en framkvæmdir við hana hefjast þegar fullnægjandi forsendur liggja fyrir rekstri hennar, bæði tæknilega og viðskiptalega, og Alþingi hefur veitt samþykki sitt.

10. Endurskipulagning stjórnkerfis og peninga- og lánastofnana.

Þegar til lengri tíma er litið felst stjórn efnahagsmála ekki eingöngu í því að beita þeim tækjum, sem stjórnvöld ráða yfir á líðandi stund, heldur einnig í því að bæta sjálft stjórnkerfið og gerð hagkerfisins. Í því skyni að bæta stjórnarhætti, ákvað ríkisstjórnin í stefnuýfirlýsingu sinni að beita sér fyrir breytingum á stjórnkerfinu.

Markmið þessara stjórnkerfisbreytinga er að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit lögjafarvalds með framkvæmdavaldinu. Meðal þess sem áformað er má nefna:

- Lagt verði fyrir Alþingi frumvarp að nýjum lögum um Stjórnarráð Íslands.
- Ríkisendurskoðun verði breytt á þann veg, að hún heyri undir Alþingi.
- Rekstrarlegt eftirlit með ríkisfyrirtækjum verði eflt, t. d. með auknu markaðsaðhaldi.
- Stefnt verði að því að auka útboð við opinberar framkvæmdir.

Skipulag peninga- og lánastofnana er mikilvægur þáttur efnahagsmála. Það er brýnt verkefni að tryggja aukna arðgjöf framkvæmdafjár og treysta innlendan sparnað. Endurskoðun sjóða- og bankakerfis hefur þetta að markmiði.

Ríkisstjórnin lætur nú vinna að eftirfarandi verkefnum á þessu sviði:

- Komið verði í veg fyrir óhóflega útbenslu í bankakerfinu með nýrri heildarlöggjöf um banka og sparisjóði. Yfirstjórn bankamála verði færð í eitt ráðuneyti.
- Núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi verði endurskoðuð, meðal annars með það í huga, að þau verði á vegum viðskiptabanka.
- Unnið verði að endurskipulagningu fjárfestingarsjóðakerfisins. Stefnt verði að fækkun sjóða með sameiningu þeirra til að draga úr kostnaði og gera starfsemi þeirra heilsteyptari m. a. með samræmingu lánskjara.

- Áhersla verði lögð á fjölbreyttari sparnaðarform fyrir almenning, t. d. samningsbundinn sparnað, tengdan rétti til húsnæðislána.
- Frjálsræði í gjaldeyrisverslun verði aukið og réttur til að eiga fé á innlendum gjaldeyrisreikningum rýmkaður.
- Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins verði endurskoðuð. Verkefni áætlanadeildar verði færð til annarra stofnana. Framkvæmdasjóði verði mörkuð staða í tengslum við endurskipulagningu sjóðakerfisins. Lánastefnu Bygðasjóðs verði breytt í samræmi við upphaflegan tilgang, samhliða því sem sjálfvirkni í lánveitingum verði afnumin.

Ríkisstjórnin hefur nefnt menn til að vinna að athugunum og tillögugerð um þessi málefni. Við því er búist að þegar á þessu þingi muni koma fram lagafrumvörp um sum þeirra, eins og sjá má í skránni um væntanleg lagafrumvörp, sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

11. Jafnvægi í efnahagsmálum er forsenda varanlegra framfara.

Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á framfarir í atvinnumálum sem undirstöðu velmegunar í landinu. Hún vinnur því og mun vinna að mikilvægum framfaramálum atvinnuveganna, eins og meðal annars kemur fram í skrá um væntanleg lagafrumvörp frá einstökum ráðuneytum. En forsenda þess að gagn verði að slíkum ráðstöfunum er að sköpuð séu almenn efnahagsskilyrði, sem greiði fyrir framförum. Stefna ríkisstjórnarinnar er að koma á jafnvægi og festu í efnahag landsmanna, sem geti orðið grundvöllur hagvaxtar í framtíðinni. Þjóðarbúskapurinn hefur verið í öldudal síðastliðin tvö ár. Nú eru vonir við það bundnar, að endurbati geti hafist árið 1984. Hvernig þetta tekst, er ekki síst undir því komið, að samstaða náist um skynsamlega efnahagsstefnu.

III.

Framvinda efnahagsmála 1983 og horfur 1984

Framvindan 1983.

1. Almenn yfirlit.

Síðustu misseri hefur þjóðarbúskapurinn mætt alvarlegum þrengingum. Árið 1982 er talið, að þjóðarframleiðslan hafi minnkað um 2%, en þjóðartekjur dregist saman um nálægt 2½% vegna rýrnandi viðskiptakjara. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1975, að þjóðarframleiðslan minnkar. Full atvinna hélst allt síðasta ár, en eftir því sem á árið leið varð efnahagsástand ótryggara. Verðbólga, sem fór niður undir 40% í árslok 1981, jókst á ný í 60% í árslok 1982. Hin óhagstæða þróun efnahagsmála árið 1982 átti ekki hvað síst rætur að rekja til mikils afturkipps í útflutningi vegna minni fiskafla og markaðserfiðleika fyrir skreið, ál og kísiljárn. Loðnuveiðibann, minnkandi þorskafla, ónóg eftirspurn í heiminum eftir mikilvægum útflutningsvörum, aukin þjóðarútgjöld og miklar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum ollu alvarlegum halla í viðskiptum Íslands við önnur lönd. Þjóðarútgjöldin jukust um 2% um leið og þjóðartekjur drógust saman um 2½%. Viðskiptahallinn jókst því úr 5% af þjóðarframleiðslu árið 1981 í 10% 1982.

Í spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1983 er þjóðarframleiðslan talin verða 5½% minni en í fyrra. Viðskiptakjörin við útlönd eru hins vegar talin batna um 3½% og þjóðartekjur dragast því minna saman en framleiðslan, eða um 4%. Framleiðslusamdrátturinn, sem nú er horft fram á, er minni á mælikvarða landsframleiðslu en þjóðarframleiðslu, eða rösklega 4%, þar eð auknar vaxtagreiðslur til útlanda hafa áhrif á síðarnefnda mælikvarðann en ekki hinn fyrrnefnda.

Yfirlit nokkurra þjóðhagsstærða 1970–1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	Spá 1983
Vísitölur 1970=100													
Þjóðarframleiðsla á mann	112	116	123	126	122	124	130	134	138	142	143	138	129
Viðskiptakjör	113	112	130	117	98	110	119	119	108	105	106	104	108
Þjóðartekjur á mann	115	119	131	131	121	128	138	142	141	143	144	139	132
Þjóðarútgjöld á mann	125	125	139	153	139	134	147	146	148	153	158	159	140
Einkaneysla á mann	115	124	133	141	125	125	134	141	142	142	148	149	134
Samneysla á mann	106	112	121	126	131	139	139	143	146	151	156	158	156
Fjárfesting á mann	141	137	162	177	160	155	171	161	159	172	173	165	147
Viðskiptajöfnuður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, %	-7,1	-2,6	-2,7	-11,0	-11,1	-1,6	-2,5	1,4	-0,8	-2,3	-5,0	-10,0	-2,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	150
Breyting frá fyrra ári, %													
Þjóðarframleiðsla á mann	11,7	4,1	6,1	2,1	-3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4	-3,3	-6,4
Viðskiptakjör	12,9	-1,0	16,0	-10,0	-16,0	11,9	8,7	0,2	-9,2	-3,4	1,0	-1,5	3,5
Þjóðartekjur á mann	14,7	3,8	10,0	-0,3	-7,0	5,0	8,1	2,7	-0,7	1,6	0,7	-3,6	-4,9
Þjóðarútgjöld á mann	24,9	0,2	11,3	9,9	-9,0	-3,9	9,9	-1,0	1,7	3,1	3,4	1,0	-12,3
Einkaneysla á mann	15,2	8,0	7,1	5,6	-11,2	0,2	7,1	5,1	1,0	-0,1	3,8	0,7	-9,9
Samneysla á mann	5,7	6,0	7,8	4,7	3,5	6,1	-0,1	3,0	2,5	2,9	3,8	0,8	-1,0
Fjárfesting á mann	40,7	-2,6	18,4	9,3	-9,6	-3,4	10,6	-6,2	-1,6	8,2	0,9	-4,8	-10,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	12,8	10,3	7,7	6,8	-11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,0	-13,0

Fiskafllinn dróst verulega saman á síðasta ári og það sem af er árinu 1983 hefur aflinn dregist enn frekar saman miðað við sama tíma í fyrra. Mestu skiptir, að báttafllinn á vetrarvertíð varð um fimmtungi minni en í fyrra. Togaraafllinn hefur þó dregist minna saman. Heildaraflinn á fyrstu níu mánuðum ársins 1983, metinn á föstu verði, varð þannig tæplega 9% minni en á sama tíma í fyrra. Þar af dróst þorskaflinn saman um 21%, en annar botnfiskaflinn varð aftur nær 5% meiri en í fyrra.

Í spám fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir, að þorskaflinn verði 300–320 þúsund tonn, samanborið við 382 þúsund tonn í fyrra. Í þessu fælist heldur minni samdráttur afla en fram er kominn fyrstu níu mánuði ársins.

Sé enn fremur gert ráð fyrir svipaðri aukningu annars botnfiskafla það sem af er árinu og að afli annarra tegunda verði nálægt því, sem var á síðustu mánuðum síðastliðins árs, verður niðurstaðan um 6–8% samdráttur í verðmæti heildarafla að loðnu frátalinni. Ef reiknað er með 250 þúsund tonna loðnuafla á síðustu mánuðum ársins, fæst spá um 4% samdrátt í verðmæti heildaraflans á árinu. Þessi spá er auðvitað óviss og bendir margt fremur til þess að afturkippurinn gæti reynst meiri, til dæmis ef ekki verður úr loðnuveiði í þeim mæli, sem hér er reiknað með. Á móti gæti þó vegið minni samdráttur í framleiðslu en afla vegna samsetningarbreytinga. Í spá um útflutningsframleiðsluna á þessu ári er gert ráð fyrir, að sjávarafurðaframleiðslan verði 4% minni en í fyrra, eða um 16% minni en árið 1981. Önnur framleiðsla til útflutnings er hins vegar talin aukast. Því er spáð, að útflutningsframleiðslan í heild verði 2% minni á þessu ári en í fyrra. Á hinn bóginn virðast horfur á, að á þessu ári muni birgðir útflutningsvöru ekki aukast í heild og útflutningur aukist því að mun, þótt framleiðslan dragist saman. Hvað sjávarafurðir varðar, er búist við því — verði á annað borð

Útflutningsframleiðsla og útflutningur 1981–1983.

Útflutningsframleiðsla:	Milljónir króna fob á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	1981	Bráðab. 1982	1981	Bráðab. 1982	Spá 1983
Sjávarafurðir	5 254	7 267	1,5	-12,7	-4,0
Ál	748	1 042	2,0	1,1	3,7
Kísiljárn	128	238	18,0	24,2	22,8
Annað	670	998	-6,6	-8,5	0,9
Samtals	6 800	9 545	1,0	-10,2	-2,0
Birgðabreytingar ¹⁾	-264	-1 066	.	.	.
Vöruútflutningur	6 536	8 479	-1,2	-17,1	10,4
Þjónustuútflutningur	2 351	4 584	12,1	14,5	3,0
Útflutningur vöru og þjónustu	8 887	13 063	1,9	-9,0	7,8

1) Aukning birgða.

af loðnuveiðum — að loðnuafurðir verði ekki fluttar út fyrr en á næsta ári og verði því í birgðum um áramót. Gert er ráð fyrir, að út verði fluttur röskur þriðjungur þeirra skreiðarbirgða, sem til voru í landinu um síðustu áramót, en að á hinn bóginn safnist nokkrar birgðir frysti- og síldarafurða. Samtals felur þetta í sér talsverða aukningu sjávarvörubirgða, en á móti er reiknað með, að út verði flutt meira en 20 þúsund tonn af áli umfram ársframleiðsluna og útflutningsvörubirgðir í heild standi því í stað eftir mikla aukningu í fyrra. Samkvæmt þessum spám eykst útflutningur um 10—11% að raungildi miðað við fyrra ár.

Sýnt er, að verulega dregur úr innlendri eftirspurn á þessu ári og þar með úr umsvifum í greinum, sem framleiða fyrir innlandan markað. Í spánni er gert ráð fyrir, að kaupmáttur ráðstöfunartekna dragist saman um 12% í heild en að einkaneysla skerðist minna, eða um 9%. Neysla og fjármunamyndun eru alls talin munu dragast saman um 8% og er það álitid hafa í för með sér nær 15% samdrátt almenns vöruinnflutnings, að olíuvörum undanskildum. Samkvæmt þessu munu rýrnun kaupmáttar og eftirspurnar koma mun harðar niður á innflutningi en innlendri vöru og þjónustu.

Síðastliðið ár var, sem fyrr segir, halli á viðskiptum Íslendinga við önnur lönd, sem nam 10% af þjóðarframleiðslu. Gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins versnaði af þessum sökum um 1 164 milljónir króna, reiknað á meðalgengi ársins. Erlendar skuldir Íslendinga jukust verulega, eða um 14% í dollurum talið, og greiðslubyrðin af erlendum lánnum fór yfir fimmtung útflutningstekna. Erlendar skuldir námu í árslok 1982 48% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 34—37% árin næstu á undan. Gert er ráð fyrir, að mjög dragi úr viðskiptahallanum á þessu ári, sem stafar fyrst og fremst af þrennu: Í fyrsta lagi tekur fyrir þá miklu söfnun útflutningsvörubirgða, sem átti sér stað í fyrra og hitteðfyrra, svo að útflutningur mun aukast þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu; í öðru lagi dregur mjög úr innflutningi í ár vegna rýrnandi kaupmáttar og minnkandi eftirspurnar; og í þriðja lagi batna viðskiptakjörin við útlönd. Viðskiptahallinn er nú talinn verða rúmlega 2% af þjóðarframleiðslu. Enda þótt spáð sé mikilli aukningu útflutningstekna og tillit sé tekið til þeirrar vaxtalækkunar, sem þegar er fram komin á alþjóðalánamarkaði, er gert ráð fyrir, að greiðslubyrði af erlendum lánnum verði nokkru meiri í ár en í fyrra, enda jukust erlendar skuldir mjög í fyrra og þær vaxa enn í ár. Þetta þýðir, að nær fjórðungi útflutningstekna verði varið til þess að greiða afborganir og vexti af erlendum lánnum.

Utanríkisviðskipti janúar—ágúst 1982—1983.
Milljónir króna.

	Meðalgengi janúar—ágúst 1983			
	Jan.-ág. 1982 ¹⁾	jan.-ág. 1982	jan.-ág. 1983	Breyting %
Vöruútflutningur, fob.	4 806	9 780	11 281	15,3
Sjávarafurðir	3 645	7 418	7 791	5,0
Ál	492	1 001	1 981	97,9
Kísiljárn	132	269	378	40,5
Annað	537	1 092	1 131	3,6
Vöruinnflutningur alls cif.	6 896	14 033	12 195	-13,1
Almennur vöruinnflutningur	6 064	12 342	10 907	-11,6
Olía	869	1 768	1 671	-5,5
Annað	5 195	10 574	9 236	-12,7
Sérstakur vöruinnflutningur	832	1 691	1 288	-23,8
Vöruskiptajöfnuður fob/cif	-2 090	-4 253	-914	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob	-1 252	-2 554	577	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob án álverksmiðju	-1 361	-2 776	-478	.
Breyting gjaldeyrisforða	-1 099	-152	.
Breyting gjaldeyrisstöðu	-2 332	-576	.

1) Miðað við meðalgengi þess tíma.

Tölur um gjaldeyrisforða og gjaldeyrisstöðu eru miðaðar við skráð gengi í lok ágúst 1983.

Aukin greiðslubyrði í hlutfalli við útflutningstekjur og hækkun hlutfalls erlendra skulda af þjóðarframleiðslu á sér að nokkru tímabundnar skýringar í snöggum samdrætti útflutnings og framleiðslu og hækkun vaxta á alþjóðalánamarkaði. Að hluta er þó um varanlegri aukningu að ræða, því erlendar skuldir hafa farið vaxandi um árabíl. Öll tímasetning og túlkun á hlutfallstölum af þessu tæi er vandasöm, bæði vegna sveiflna í útflutningi og framleiðslu og eins af því, að árangur framkvæmda sem ætlað er að bæta viðskiptajöfnuð og fjármagnaðar hafa verið með erlendum lánum, skilar sér misjafnlega fljótt og vel. En jafnvel þótt lítið sé til þessara atriða, virðist um verulega aukningu erlendra skuldabyrði að ræða á síðustu árum.

Síðari hluta ársins 1982 og fyrri hluta þessa árs færðist verðbólga mjög í aukana. Árshækkun framfærsluvísitölnnar til maímánaðar síðastliðins var um 87% og hækkunin frá ágúst 1982 til jafnlengdar á þessu ári var tæplega 103%. Eftir þær efnahagsaðgerðir, sem gripið var til í maímánuði (og nánar er um fjallað hér á eftir), hefur dregið verulega úr verðbólgunni undir lok ársins. Hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka ársins er talin verða innan við 80% en meðalhækkunin um 84%. Verðbólgan um áramót er talin munu svara til 20—30% árshækkunar, og er þá miðað við spá um verðbreytingar síðustu þrjá mánuði ársins.

Fyrstu átta mánuði þessa árs voru um 1200 manns að meðaltali skráðir atvinnulausir í mánuði hverjum, eða 1,1% af mannafla samanborið við 0,8% á sama tíma í fyrra en 0,7% til jafnaðar allt árið 1982. Ljóst er, að eftirspurn eftir vinnuafla er nú heldur minni en verið hefur undanfarin ár. Á hinn bóginn virðast tölur um skráð atvinnuleysi undanfarna mánuði benda til að ekki ætti að vera hætt á atvinnubresti á þessu ári, en atvinnuleysiskráníng eykst vafalaust undir lok ársins eins og jafnan á þeim árstíma. Að meðaltali gæti skráð atvinnuleysi því svarað til rúmlega 1% af mannafla á þessu ári.

Árið 1982 héldu þjóðarútgjöld áfram að vaxa, þótt þjóðarframleiðsla drægist saman. Sá

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1981—1983.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar ¹⁾ frá fyrra ári, %		
	1981	Bráðab. 1982	Spá 1983	1981	Bráðab. 1982	Spá 1983
	Einkaneysla	13 240	20 790	34 240	5,0	2,0
Samneysla	2 520	3 985	6 575	5,0	2,0	0,0
Fjármunamyndun	5 549	8 378	13 300	2,1	-3,6	-10,0
Neysla og fjármunamyndun, alls	21 309	33 153	54 115	4,2	0,5	-8,2
Birgðabreytingar ²⁾	233	1 020	100	0,4	1,8	-3,3
Þjóðarútgjöld alls	21 542	34 173	54 215	4,6	2,2	-10,9
Útflutningur vöru og þjónustu	8 887	13 063	27 500	1,9	-9,0	7,8
Innflutningur vöru og þjónustu	9 910	16 173	28 650	8,6	0,8	-6,2
Viðskiptajöfnuður	-1 023	-3 110	-1 150	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	20 519	31 063	53 065	1,6	-2,0	-5,5
Viðskiptakjaraáhrif ³⁾	0,3	-0,3	1,6
Vergar þjóðartekjur	1,9	-2,3	-3,9
Viðskiptajöfnuður sem % af þjóðarframleiðslu	-5,0	-10,0	-2,2

1) Magnbreytingar árin 1981 og 1982 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980 en magnbreytingar í spá fyrir árið 1983 við fast verðlag ársins 1982.

2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

mikli samdráttur, sem spáð er í þjóðarútgjöldum á þessu ári, dregur verulega úr þessum mun. Þó verður enn um nokkurn viðskiptahalla að ræða og hafa verður í huga, að bati viðskiptajafnaðarins í ár stafar að hluta af birgðabreytingum. Mikil nauðsyn er á því að ná viðunandi jafnvægi milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna. Í þessu felst langvinnur aðlögunarvandi, sem ekki verður leystur með því einu að lagfæra misgengi milli útgjalda og tekna á þessu og síðasta ári, því mörg undanfarin ár hefur yfirleitt komið til viðskiptahalla, þrátt fyrir mikla útflutningsframleiðslu. Erlendar skuldir þjóðarinnar og greiðslubyrði þeirra vegna hafa náð þeim mörkum, að ekki virðist ráðlegt að halda lengur áfram á þeirri braut að fjármagna verulegan viðskiptahalla með erlendu lánsfé, nema á móti standi framkvæmdir, sem ótvírætt bæta stöðu þjóðarbúsins út á við á næstu árum.

2. Efnahagsaðgerðir í maílok 1983.

Við myndun ríkisstjórnarinnar síðastlið vor var þegar í stað gripið til víðtækra efnahagsráðstafana. Meginþættir þessara ráðstafana voru lækkan á gengi krónunnar og útgáfa fimm bráðabirgðalaga; um launamál, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, um frestun á greiðslum vegna verðtryggðra íbúðarlána og um verðlagsmál.

Gengi krónunnar var lækkað um 14,6% gagnvart dollar, en það fól í sér 17,1% hækkun á meðalverði erlends gjaldeyris. Eftir þessa breytingu var meðalverð erlends gjaldeyris um 108% hærra en að meðaltali árið 1982.

Helstu atriði bráðabirgðalaganna fimm eru eftirfarandi:

1. Öllum ákvæðum um vísitölubindingu launa í lögum og kjarasamningum er vikið úr gildi um tveggja ára skeið frá 1. júní 1983. Fyrstu áhrif laganna voru, að 22% verðbótahækkun launa, sem koma átti til framkvæmda 1. júní, tók ekki gildi. Á hinn bóginn kveða löginn

svo á, að laun hækki um 8% 1. júní og 4% 1. október 1983. Lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu samkvæmt kjarasamningum ASÍ og BSRB skyldu þó hækka um 10% 1. júní. Frekari hækkun launa er óheimil á tímabilinu til 31. janúar 1984, hvort sem um hana er samið fyrir eða eftir gildistöku laganna, og allir kjarasamningar framlengjast til sama tíma.

2. Tímabilið 1. júní 1983 til 1. febrúar 1984 skal framfylgja ströngu verðlagseftirliti og skulu verðlagsyfirvöld aðeins heimila brýnustu verðhækkanir. Almennt fiskverð og launaliður í verðlagsgrundvelli búvöru skulu hækka eins og laun yfirleitt á þessu tímabili.
3. Fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum fólu meðal annars í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga með hækkun persónuafsláttar og barnabóta vegna barna yngri en sjö ára, aukningu útgjalda til að jafna húshitunarkostnað og sérstaka hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar elli- og örorkulífeyrisþega og mæðralauna. Heildarkostnaður vegna þessara ráðstafana var talinn nema rösklega 400 milljónum króna, en í staðinn var ríkisstjórninni heimilað að lækka útgjöld samkvæmt fjárlögum um 300 milljónir króna. Auk þess ákvað ríkisstjórnin nokkrum vikum síðar að lækka toll af ýmsum nauðsynjum og innflutningsgjald af bílum og fella niður 10% gjald af sölu ferðagjaldeyris. Þessar ráðstafanir eru taldar kosta ríkissjóð um 100 milljónir króna á þessu ári, en um tvöfalt hærri fjárhæð á heilu ári.
4. Í því skyni að draga úr áhrifum ráðstafana í launamálum á fjárhag heimilanna var ríkisstjórninni veitt heimild til að ákveða að fresta allt að fjórðungi af greiðslum afborgana, verðtryggingar og vaxta af verðtryggðum íbúðalánnum og lengja lánstímann að sama skapi. Þessari heimild hefur verið beitt.
5. Með lögnum um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum var Olúsjóður fiskiskipa lagður niður. Jafnframt var 7% olúgjald af fiskverði afnumið. Samtals svaraði olíuniðurgreiðslan og olúgjaldið á fyrri hluta þessa árs til 17% álags á fiskverð. Í staðinn var tekin upp sérstök kostnaðarhlutdeild útgerðar utan skipta, sem nemur 29% ofan á fiskverð (þar af koma þó 4% til skipta á bátaflotanum). Þessar ráðstafanir fólu í sér breytingu á hlutaskiptum útgerðar og sjómanna útgerðinni í hag svo og breytingu á tekjuskiptingu eftir tegundum fiskiskipa, bátaflotanum í hag, og stafar síðarnefnda breytingin af niðurfellingu olíuniðurgreiðslna. Auk þess var með þessum lögum tekinn 10% gengismunur af birgðum og ógreiddum útflutningi vegna gengisbreytingarinnar í mailok. Þessu fé skal verja í þágu sjávarútvegs og sjóða hans og hefur það að mestu runnið til að bæta útgerðinni hluta gengistaps á erlendum skuldum, en einnig til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs.

Mat á áhrifum ofangreindra ráðstafana er nokkrum erfiðleikum bundið og á það við allt í senn, áhrif á verðlag, tekjur og kaupmátt, en ekki síst við það hversu fljótt áhrifanna á verðlag fer að gæta og hvaða áhrif aðgerðirnar í launamálum hafa á atvinnu og greidd laun fremur en á kauptaxta. Niðurstöður um breytingar kaupmáttar tekna eru því næsta óvissar og sama máli gegnir um áhrif samdráttarins í kaupmætti á einkaneyslu og innflutning.

Verðlagsspár, sem gerðar voru með hliðsjón af þessum ráðstöfunum, sýndu mikla hjöðnun verðbólgu á síðustu mánuðum ársins. Var ætlað, að undir lok ársins yrði verðbólgan á bilinu 25—30% miðað við heilt ár, en að án viðnámsaðgerða og að óbreyttu hefði verðbólgan verið 130—140%, en því stigi hafði hún reyndar náð á fyrri hluta ársins. Nokkur óvissa ríkti um það, hversu fljótt þessar aðgerðir myndu skila árangri, en tölur um verðbreytingar í júní, júlí og ágúst benda til þess að verðbólga hafi þegar hjaðnað að mun. Vísitala byggingarkostnaðar hefur hækkað um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí til september. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði innan við 1% í ágúst og um 3,1% í september.

Kaupmáttur taxtakaups, sem var um 11% lakari á fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra, er talinn verða 22% lakari síðari hluta ársins en á sama tíma í fyrra. Árið allt yrði kaupmáttur taxta því 18% lægri en að meðaltali í fyrra, og er þá reiknað með hinum

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1970–1983.

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Áætlun 1982	Spá 1983
1. Vísitölur 1970=100													
Tekjur:													
Kauptaxtar launþega	118	149	184	274	348	436	636	985	1 420	2 143	3 203	4 801	7 153
Ráðstöfunartekjur einstakl. á mann	123	155	209	319	422	560	825	1 283	1 917	3 014	4 801	7 461	11 788
Atvinnutekjur á mann	124	160	215	323	427	571	850	1 289	1 886	2 879	4 496	6 915	10 635
Verðlag:													
Visitala framfærslukostn.	106	117	143	205	306	404	527	759	1 105	1 751	2 642	3 990	7 358
Visitala byggingarkostn.	112	137	175	266	378	467	607	893	1 313	2 043	3 092	4 830	8 283
Verðlag einkaneyslu	109	124	156	223	332	432	566	814	1 197	1 869	2 813	4 333	7 843
Kaupmáttur¹⁾:													
Kaupmáttur kauptaxta	109	120	118	123	105	101	112	121	119	115	114	111	90
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	113	124	134	143	127	130	146	158	160	161	171	172	150
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	114	128	138	145	129	132	150	158	158	154	160	160	136
2. Breytingar frá fyrra ári, %:													
Kauptaxtar	18,5	25,9	23,3	48,7	27,1	25,4	45,8	55,0	44,0	50,9	49,5	49,9	49
Ráðstöfunartekjur á mann	22,6	26,1	35,0	52,7	32,3	32,7	47,5	55,5	49,4	57,2	59,3	55,4	58
Atvinnutekjur á mann	23,8	28,9	35,0	49,9	32,3	33,7	48,8	51,7	46,3	52,6	56,2	53,8	54
Visitala framfærslukostnaðar	6,4	10,3	22,2	43,0	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58,5	50,9	51,0	84
Visitala byggingarkostnaðar	12,2	22,0	27,8	52,0	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	55,6	51,4	56,2	72
Verðlag einkaneyslu	8,7	14,3	25,4	43,0	49,0	30,0	31,1	43,9	47,0	56,2	50,5	54,0	81
Kaupmáttur kauptaxta	9,0	10,1	-1,7	4,0	-14,7	-3,5	11,2	7,7	-2,0	-3,4	-0,7	-2,7	-19
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	12,8	10,3	7,7	6,8	-11,2	2,1	12,5	8,1	1,6	0,6	5,8	0,9	-13
Kaupmáttur atvinnutekna á mann	13,9	12,8	7,7	4,8	-11,2	2,8	13,5	5,4	-0,5	-2,3	3,8	-0,1	-15

1) Miðað við verðlag einkaneyslu.

lögboðnu hækkunum taxtakaups á síðari hluta ársins en öðrum ekki. Rýrnun kaupmáttar taxta er talin verða 6% meiri en orðið hefði án aðgerða (9% meiri síðari hluta árs), en þessi skerðing er að hluta unnin upp af þeim mildandi fjármálaaðgerðum, sem áður var gerð grein fyrir. Því er áætlað, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna minnki ekki eins mikið og kaupmáttur taxtakaups, eða um 13% á mann.

3. Fjármál ríkisins.

Fyrstu átta mánuði þessa árs námu tekjur ríkissjóðs 8 969 milljónum króna og var það tæplega 59% hærrí fjárhæð en á sama tímabili árið áður. Útgjöld voru hins vegar 10 083 milljónir króna á þessu tímabili eða tæplega 77% meiri en árið áður. Útgjöld voru því 1 114 milljónum umfram tekjur eða sem nam 12,4% af tekjum en í lok ágústmánaðar 1982 var tekjuhalli er nam 54 milljónum króna eða sem svaraði 1% af tekjum en sambærileg tala árið 1981 var 1,5%. Fyrstu átta mánuði þessa árs var jöfnuður lánahefingna og viðskipta-reikninga óhagstæður um 216 milljónir króna. Greiðsluhalli varð því um 1 330 milljónir króna eða sem svarar til nær 15% af tekjum ríkissjóðs þetta tímabil. Þetta er mun lakari útkoma en undanfarin tvö ár, en í ágústlok 1982 var greiðsluhalli sem nam rösklega 3% af tekjum, en 2,5% á sama tíma 1981.

Óhagstæð þróun ríkisfjármála á þessu ári á að mestu rætur að rekja til samdráttar í tekjum ríkissjóðs, einkum af óbeinum sköttum, vegna hins örðuga efnahagsárferðis, minnkandi kaupmáttar og útgjalda einstaklinga. Áætlað er, að fyrstu átta mánuði ársins hafi verðlag samneysluútgjalda verið 70% hærra en á sama tíma í fyrra. Sé miðað við þennan mælikvarða hafa tekjur ríkissjóðs fyrstu átta mánuði ársins orðið 6–7% minni að raungildi, en þar af hafa beinir skattar orðið 4% meiri en í fyrra og óbeinir 9–10% minni. Mælt á þennan hátt hafa aðflutningsgjöld dregist saman um fimmtung að raungildi, söluskattsinnheimta er 4–5% minni en í fyrra og hagnaður af sölu áfengis og tóbaks 13% minni en var fyrstu átta mánuði ársins 1982. Þessar tölur, sem fengnar eru með samanburði krónutölu-

breytinga og áætlaðrar verðbreytingar samneyslu, gefa nánast til kynna þær breytingar sem orðið hafa á kaupmætti tekna ríkissjóðs gagnvart ríkisútgjöldum. Á mælikvarða almenns verðlags er samdrátturinn mun meiri eða 13—14% fyrir heildartekjur ríkissjóðs og 25% fyrir aðflutningsgjöld.

Sem fyrr segir hafa útgjöld reynst 77% meiri í krónum í ár en í fyrra en miðað við áætlað verðlag samneysluútgjalda felst í þeirri krónutöluhækkun 4% aukning að raungildi. Auk þess sem hér hefur verið nefnt verður að hafa í huga að á árinu hefur verið gripið til sérstakra fjármálaráðstafana í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar, og hafa þær valdið lækkun tekna og aukningu útgjalda og því rýrt hag ríkissjóðs.

Fyrir árið 1983 í heild er nú áætlað að 800—900 milljón króna rekstrarhalli verði hjá ríkissjóði og greiðsluhalli verði um 1 000—1 200 milljónir króna. Þessi greiðsluhalli svarar til um eða yfir 2% af þjóðarframleiðslu. Til samanburðar má nefna, að tímabilið 1979—1982 hefur greiðsluafkoma ríkissjóðs á hverju ári verið jákvæð en var hins vegar neikvæð árabilið 1973—1978. Yfirleitt hefur hér verið um lágar tölur að ræða en árin 1974 og 1975 skera sig þó úr en þá var greiðsluhalli er nam 2½ til 3% af þjóðarframleiðslu.

4. Peningamál.

Undanfarin tvö ár hefur misvægi í peningamálum komið fram í meiri útlánaaukningu bankakerfisins en svarar verðlagsbreytingum og meiri en sparifjármyndun hefur gefið tilefni til. Á árinu 1982 jukust útlán innlánsstofnana t. d. um 87%, en heildarinnlán jukust um 60% eða svipað og nam hækkun lánskjaravísitölu yfir árið. Þetta hefur kynt undir hinni óheillavænlegu verðlagsþróun, rýrt stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og stöðu innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum. Skýringanna er að nokkru að leita í ytri áföllum. Verðbólga var og vaxandi nær allt þetta tímabil og afstaðan milli hennar og vaxta raskaðist mjög, þannig að það vaxtamynstur sem á var komið, að hluta til með vísitölubindingu og að hluta með „háum“ vöxtum, var úr lagi gengið. Þessu fylgdi öryggisleysi í peningamálum og hafði m. a. í för með sér flutning fjár frá óverðtrygðum innlánareikningum til verðtrygðra reikninga og vanskil á verðtrygðum skuldum. Þetta hefur valdið rekstrarvanda í innlánsstofnunum, einkum þeim sem mest afurðalán veita, þar eð þau hafa verið með mjög neikvæðum raunvöxtum.

Á fyrri hluta þessa árs jukust útlán innlánsstofnana hægar en á næstu mánuðum á undan, m. a. vegna lélegrar lausafjárstöðu og hertra reglna um yfirdrátt við Seðlabankann. Hins vegar fóru útlán mjög vaxandi yfir sumarmánuðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum um stöðuna í lok ágúst nam útlánaaukningin um 48% á fyrstu átta mánuðum ársins, samanborið við 45% á sama tíma í fyrra. Þegar þessar tölur eru bornar saman ber að hafa í huga að verðlagshækkunir hafa verið mun meiri í ár en í fyrra. Lánskjaravísitala hækkaði t. d. um 61% á fyrstu átta mánuðunum í ár, en 32% í fyrra. Á tólf mánuðum til ágústloka nam útlánaaukning innlánsstofnana 90,4% á sama tíma og lánskjaravísitala hækkaði um 95,5%. Næstu tólf mánuði á undan hækkuðu útlán um 72,5% og vísitalan um 51%. Heildaraukning útlána undangengna tólf mánuði, 90,4%, skiptist þannig að endurkeypt afurðalán hafa aukist um 112% en önnur útlán um 84%.

Fyrstu átta mánuði þessa árs jukust heildarinnlán (áætlaðir áfallnir vextir og verðbætur meðtaldar) í innlánsstofnunum um 63% samanborið við 38% á sama tíma í fyrra. Aukningin er 1% umfram hækkun lánskjaravísitölu í ár en 4—5% í fyrra. Á tólf mánuðum til ágústloka nam aukning innlána 89%, sem er 3—4% minna en nemur hækkun lánskjaravísitölu, en árið áður nam innlánaaukningin 55% eða 2—3% umfram hækkun lánskjaravísitölu. Mjög mikill munur er á aukningu hinna ýmsu tegunda innlána undangengna tólf mánuði, veltiinnlán hafa aukist um 64%, almenn spariinnlán um 62% og bundin spariinnlán um 136%, en þar er einkum um verðtrygð innlán að ræða.

Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði afar mikið á síðastliðnu ári. Í byrjun þessa árs var lausafjárstaðan neikvæð um 660 milljónir króna og eftir talsverðar sveiflur yfir sumarmánuðina var staðan í ágústlok svipuð og um áramót, eða neikvæð um 637 milljónir. Vísbendingar um septembermánuð gefa svo til kynna að staðan hafi versnað til muna í þeim mánuði.

Eins og áður kom fram hefur útlánaaukning innlánsstofnana að undanfögnu færst til betra samræmis við verðlagsþróun. Á hinn bóginn hafa lán bankakerfisins í heild haldið áfram örum vexti. Innlendar kröfur bankakerfisins, nettó (aðallega lán Seðlabanka og innlánsstofnana að frádregnum innstæðum ríkis og sjóða í Seðlabanka), jukust um 67% á fyrstu átta mánuðum yfirstandandi árs en 48% á sama tíma í fyrra. Síðustu tólf mánuði nam aukningin 98% en 70% næstu tólf mánuði þar á undan.

Mikil útlán bankakerfisins að undanfögnu eiga ekki síst rætur að rekja til versnandi afkomu ríkissjóðs, sem valdið hefur miklu útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Staða A-hluta ríkissjóðs við bankann versnaði um 1 238 milljónir króna frá áramótum til ágústloka, samanborið við 138 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Er þetta áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að þetta kemur til viðbótar miklum endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum og skuldbreytingalánum. Ekki hefur verið unnt að snúast við þessum vanda, þar eð innlánsbinding er í lögleyfðu hámarki og heimild til sveigjanlegrar bindingar er ekki lengur fyrir hendi.

Þrátt fyrir hagstæðan vöruskiptajöfnuð á þessu ári hefur gjaldeyrisstaðan farið versnandi. Þetta hefur valdið því, að peningamagn í umferð hefur aukist tiltölulega lítið að undanfögnu. Peningamagn í þrengsta skilningi (M1, þ. e. seðlar, mynt og veltiinnlán) jókst um 58% á tólf mánuðum til ágústloka og að almennum spariinnlánnum meðtöldum er aukning peningamagns (M2) svipuð eða 60% (allar peningamagnstölur hér eru að meðtöldum áætluðum vöxtum og verðbótum). Mikil aukning verðtryggðra innlána hefur hins vegar valdið því að peningamagn í víðasta skilningi (M3) hefur aukist um 87% á þessu tímabili. Þessar tölur má bera saman við 95,5% árshækkun lánskravvísitölu til septemberbyrjunar 1983.

Tölur um útlán fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða eru aðeins tiltækar fyrir fyrri helming þessa árs og er þar um bráðabirgðatölur og áætlanir að ræða. Samkvæmt þessum tölum hafa ný útlán fjárfestingarlánasjóða numið 896 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins en 606 milljónum á sama tíma í fyrra. Þetta er 48% hærri fjárhæð en í fyrra og felur það í sér mikinn samdrátt að raungildi eða sem nemur 15% miðað við breytingu byggingarvísitölu. Það sem af er árinu hafa fjárfestingarlánasjóðirnir fjármagnað útlán sín að tveimur þriðju með lántökum, mest frá lífeyrissjóðum, og er það töluvert lægra hlutfall en á sama tíma í fyrra. Áætlað er, að útlán lífeyrissjóða hafi numið um 815 milljónum króna fyrstu sex mánuði þessa árs samanborið við um 540 milljónir á sama tíma í fyrra. Aukningin er 51% í krónum en um 14% samdráttur að raungildi miðað við breytingu byggingarvísitölu. Athyglisvert er, að aukning innistæðna og sjóða lífeyrissjóðanna var óvenju mikil á fyrri hluta ársins eða sem nemur 19% af ráðstöfunarfé samanborið við 2% á sama tíma í fyrra og gefur það tilefni til að ætla að útlán kunni fyrir árslok að aukast meira en þegar er fram komið. Þá má nefna, að greiðslur lífeyrisiðgjalda í sjóðina eru áætlaðar hafa orðið 80% meiri á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra en lífeyrisgreiðslur 66% meiri í krónum. Vafalaust má að einhverju leyti rekja mikla aukningu iðgjalda til tímabundinna atriða, svo sem óreglulegra greiðslna aukaframlaga, en aukning lífeyrisgreiðslna umfram breytingu kaupaxta er í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur hjá sjóðunum undanfarin ár vegna verulegrar aukningar réttinda og fjölgunar bótaþega.

Fyrir lánastofnanirnar allar er áætlað að í heild hafi útlán, nettó, aukist um 6,8 milljarða króna fyrstu 6 mánuði ársins en aukningin í fyrra á sama tíma nam 3,7 milljörðum. Hér

vegur bankakerfið langþyngst og mikil endurlán af erlendu lánsfé valda mestu um aukninguna í ár.

5. Hagur atvinnuvega.

Afkomuhorfur einstakra atvinnugreina á þessu ári eru enn í ýmsum greinum óljósar, og verður að styðjast við áætlanir, sem eðli málsins samkvæmt hljóta að vera að vera talsverðri óvissu háðar, bæði vegna þeirrar miklu verðbólgu, sem ríkt hefur, og óvenju mikilla breytinga á öðrum þáttum, sem varða afkomuna. Þetta á ekki síst við um sjávarútveg.

Afkoma útgerðar hefur verið léleg á undanförunum árum og samkvæmt áætlunum fyrir árið 1982 er talið, að afkoman hafi verið lakari en 1981 og mun lakari en næstu árin á undan. Lakari afkomu árið 1982 má öðru fremur rekja til minni botnfiskafla, en hann dróst saman um tæp 5% á árinu. Ennfremur hefur stækkun fiskiskipastólsins átt sinn þátt í því, að minni afli kemur á hvert skip en ella. Áætlanir um hag botnfiskveiða árið 1983 benda til þess, að þrátt fyrir minnkun botnfiskaflans miðað við fyrra ár muni afkoma útvegsins í heild að líkindum verða skárri en undanfarin tvö til þrjú ár. Þrátt fyrir þennan bata í afkomu útgerðar eru núverandi rekstrarskilyrði mjög erfið.

Hagur botnfiskvinnslunnar í heild hefur að líkindum orðið nokkru lakari árið 1982 en árið 1981, ef til vill sem svarar 2—2½% af tekjum. Mjög skiptir þó í tvö horn eftir vinnslugreinum, að því er varðar breytingar á afkomu þessara greina frá fyrra ári og á það einkum við um frystingu og söltun. Þannig benda áætlanir til þess, að hagur frystingar hafi orðið mun betri árið 1982 en undanfarin ár, þrátt fyrir nokkra verðlækkun afurða í dollurum. Skýringanna er einkum að leita í meiri hækkun á verði erlends gjaldeyris en sem nam kostnaðarhækkunum innanlands. Árið 1982 versnaði hagur söltunar, en mikill uppgangur hafði verið í þessari grein næstu tvö árin þar á undan. Versnandi afkomu árið 1982 má rekja til lækkandi markaðsverðs á saltfiski í dollurum í helstu markaðslöndum okkar í Suður-Evrópu.

Þær vísbendingar, sem fyrir liggja um afkomu fiskvinnslunnar árið 1983, benda ótvírætt til þess, að munur á afkomu fyrstingar og söltunar hafi enn ágerst á árinu. Líklegt má telja, að um þessar mundir sé rekstrarstaða frystingar betri en verið hefur um langt skeið. Aftur á móti er staða söltunar með lakasta móti og veldur þar allt í senn; lækkandi afurðarverð, samdráttur í framleiðslu og vandræði vegna selorma í hráefninu. Nú er talið, að ef ekki nyti greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði næmi tap á saltfiskverkun 8—10% af tekjum. Sem fyrr segir stafar þessi hallarekstur að miklu leyti af verulegu verðfalli á saltfiskmörkuðum að undanförunu. Þannig er áætlað, að meðalverð (fob) í dollurum fyrir tonn af överkuðum saltfiski hafi lækkað um 18% á árinu 1982 frá meðaltali 1981, en það ár var verðið í hámarki. Nú er hins vegar talið, að verðið á þessu ári muni enn lækka um 10%. Saltfiskverð er því orðið um fjórðungi lægra í dollurum en á árinu 1981, en dollarverð á freðfiski er hins vegar svipað nú og það var árið 1981. Meginskýringin á verðfalli saltfisks að undanförunu er mikil gengishækkun dollars gagnvart gjaldmiðlum viðskiptaþjóðanna í Suður-Evrópu, en jafnframt hefur gætt harðnandi samkeppni við aðrar þjóðir, einkum Norðmenn og Kanada-menn. Skreiðarverkun á nú við mikinn vanda að glíma vegna markaðserfiðleika og greiðslutafa í viðskiptum við helsta markaðslandið, Nígíeríu. Lítið mun hafa verið hengt upp af skreið á þessu ári, en mikið óselt og ógreitt af framleiðslu fyrri ára.

Þær heimildir, sem nú eru tiltækar um afkomu einstakra greina iðnaðar á þessu ári, benda til þess að hagur útflutningsiðnaðar annars en áls og kísiljárns sé nú með besta móti, og hann sé þess nú megnugur að skila herra hlutfalli af rekstrartekjum sínum upp í fjármagnskostnað en verið hefur um langt skeið. Hins vegar er á það að líta, að þessi þróun gefur ekki ótvírætt til kynna batnandi greiðslustöðu, því á móti kemur, að greiðslubyrði af fjármagnskostnaði hefur einnig aukist sem hlutfall af tekjum. Fjárhagsafkoma álverksmiðj-

unnar hefur verið afar slæm undanfarin tvö ár, en horfur eru á, að úr rætist með ört hækkandi markaðsverði á áli á þessu ári. Rekstur járnblendiverksmiðjunnar gekk einnig erfiðlega á síðasta ári og varð afkoma fyrirtækisins enn lakari en verið hafði undanfarin ár. Að undanfögnu hefur verið á kísiljárni hækkad verulega og eru því allar horfur á því, að rekstrarafkoma fyrirtækisins styrkist á árinu.

Fyrri hluta þessa árs voru taldar horfur á talsverðri aukningu í útflutningsframleiðslu iðnaðarins. Sýnt er, að framleiðsla áls og kísiljárns mun aukast eins og að hefur verið stefnt og jafnframt hefur útflutningur lagmetis gengið vel. Á hinn bóginn hefur útflutningur ullar- og skinnavöru gengið miður, meðal annars vegna erfiðleika á Evrópumarkaði, og gera verður ráð fyrir samdrætti í þessum greinum. Ekki liggja fyrir beinar áætlanir um framleiðslubreytingar í öðrum iðnaði árið 1983, en á grundvelli vísbendinga úr hagsveifluvog iðnaðarins er að vænta nokkurrar framleiðsluaukningar á árinu.

Þær vísbendingar, sem fyrir liggja um hag þeirra vörugreina, sem einkum framleiða fyrir innanlandsmarkað, eru mjög af skornum skammti. Ef að líkum lætur hefur þó gengisþróunin ráðið mestu um afkomu þessara greina. Einkum á þetta þó við um þær greinar, sem keppa hvað mest við innflutning. Samanburður á þróun innlands verðlags og hækkun á verði erlends gjaldeyris í fyrra leiðir í ljós verulega hækkun á verði erlends gjaldeyris umfram helstu kostnaðarbreytingar innanlands og má af því ráða, að samkeppnisstaða innlands iðnaðar hafi styrkst og hagar hans því væntanlega vænkast á síðasta ári. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að samanburður við árið 1981 er þeim annmarka háður, að á því ári var samkeppnisstaða innlands iðnaðar óvenju erfið vegna þess, hve gengi íslensku krónunnar lækkaði lítið í samanburði við innlenda verðlagsþróun.

Með svipuðum hætti má ráða í afkomubreytingar í innlendum iðngreinum á þessu ári. Þannig var meðalverð á erlendum gjaldeyri nær 110% herra á miðju þessu ári en að meðaltali 1982. Á sama tíma er talið, að launakostnaður hafi aukist um 60%. Almennar verðlagshækkningar eru hins vegar taldar á bilinu 85—95% á sama tíma. Með hliðsjón af þessum vísbendingum má því ætla, að samkeppnisstaða innlands iðnaðar muni batna enn frekar á þessu ári. Á það er þó rétt að benda, að hér er stuðst við vísbendingar um þróun helstu afkomuþátta á síðustu misserum en ekki heildaráætlanir um rekstrarstöðu.

Þær spár fyrir árið 1983, sem hafa verið raktar hér að framan, leiða til þeirrar niðurstöðu, að útflutningsframleiðslan í heild verði 2% minni en í fyrra. Er þá gert ráð fyrir, að aukning iðnaðarvöruframleiðslu til útflutnings vegi að hluta upp þann samdrátt, sem horfur eru á að verði í framleiðslu sjávarafurða.

Þær horfur, sem hér hafa verið raktar, fela í sér meiri samdrátt innlendrar eftirspurnar, einkum innflutningseftirspurnar, en reiknað var með í ársbyrjun. Fyrstu áhrif efnahagsaðgerðanna hafa án efa í för með sér samdrátt í eftirspurn og umsvifum á þessu ári, minni viðskiptahalla en annars hefði orðið og mikla hjöðnun verðbólgu. Fyrir þessar aðgerðir var talið, að atvinnuöryggi væri veruleg hætta búin. Ráðstafanirnar breyttu þeim horfum, en erfitt er að ætlast nákvæmlega á um heildaráhrifin. Atvinnuhorfur voru ótryggar orðnar í undirstöðugreininni, sjávarútvegi, áður en til aðgerðanna var gripið, bæði vegna aflatregðu og misgengis innlands og erlends verðlags. Ráðstafanirnar í máflok bættu stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi til muna svo og í þeim greinum, sem eiga mest undir viðgangi hans. Ljóst er og, að rekstrarstaða útflutnings- og samkeppnisiðnaðar hefur sjaldan verið betri en í kjölfar þessara aðgerða. Á hinn bóginn er hætt við, að samdráttur tekna og eftirspurnar leiði til minnkandi umsvifa í ýmsum atvinnugreinum, sem starfa fyrir innlendan markað. Á móti vegur þó, að samdrátturinn mun líklega beinast að innflutningi í mun meira mæli en innlendri vöru og þjónustu. Þannig ætti samkeppnisstaða þeirra greina, sem keppa við

innflutning eða bera mikinn hluta framleiðslukostnaðar innanlands en verulegan hluta af tekjum í gjaldeyri, að batna að mun. Má því ætla, að atvinnuáhrif aðgerðanna verði jákvæð, þegar á allt er litið. Niðurstaðan ræðst þó einnig af þróun annarra þátta efnahagsmála, bæði þeim, sem eru í höndum stjórnvalda, og þeim, sem ekki eru á þeirra valdi, svo sem aflabrögðum og viðskiptakjörum.

Horfur 1984.

6. Útflutningsframleiðsla og útflutningur.

Eins og skýrt er hér að framan virðast horfur á, að sjávarvöruframleiðsla dragist saman um 4% á árinu 1983. Þessi spá er þó enn óviss og virðist fremur hætta á því að samdráttur afla verði meiri en þetta. Mest er óvissan varðandi loðnuveiðar, en í þjóðhagsspá 1983 er reiknað með 250 þúsund tonna loðnuafli. Athuganir fiskifræðinga á loðnustofninum í ágúst og september gefa ekki ástæðu til að breyta þessari spá, en endanleggar tillögu Hafrannsóknarstofnunar um loðnuveiðar á þessum vetri er ekki að vænta fyrr en í lok október.

Aflahorfur eru því enn óvissar fyrir líðandi ár, hvað þá árið, sem í hönd fer. Fiskifræðingar Hafrannsóknarstofnunar hafa ekki lokið við að vinna úr athugunum sínum á þessu ári á helstu fiskstofnum, en á næstu vikum munu liggja fyrir niðurstöður þeirra og tillögur um afla á næsta ári. Spá um útflutningsframleiðslu 1984 verður því að reisa á eldri athugunum og reynslunni á þessu ári, og er óhjákvæmilegt að um margt sé rennt blint í sjóinn eins og nú standa sakir. Aflaforsendur þjóðhagsáætlunar 1984, sem valdar eru í samráði við sjávarútvegsráðuneytið, eru sem hér segir:

1. Botnfiskafli verði svipaður 1984 og reiknað er með 1983. Þetta felur í sér 300—320 þúsund tonna þorskafla og 300—320 þúsund tonn af öðrum botnlægum tegundum. Innan þessara marka er þá reiknað með því, að reynist þorskafla minni verði annar botnfiskafli meiri og gagnkvæmt.
2. Loðnuveiðar verði stundaðar á síðustu mánuðum ársins 1983 og verði þá veidd 250 þúsund tonn. Einnig verði leyfð loðnuveiði á árinu 1984 og verði þá veidd 400 þúsund tonn.
3. Annar afli verði hinn sami og reiknað er með 1983.

Þessar forsendur fela í sér, að afli og framleiðsla sjávarafurða aukist um 2½% á næsta ári. Aukningin stafar öll af forsögunni um auknar loðnuveiðar. Óvissan sem tengd er loðnuafli er meiri en þessari tölu svarar, því loðnuveiðin í heild er óviss, en hún nemur í þessu dæmi 6½% af verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar á næsta ári. Óvissa um aflabrögð er auðvitað ekki nýtt fyrirbæri, en ástæða er til að nefna hana sérstaklega nú vegna þess hversu mikilvægt er við ríkjandi aðstæður að auka útflutningstekjur. Bregðist loðnuveiðar er mikill vandi á höndum.

Afturkiptur í afla og markaðserfiðleikar settu sitt mark á sjávarútveginn 1983 annað árið í röð. Öðru máli gegnir um útflutning málmbæðslanna, þar sem bæði magn og verð fór vaxandi 1983. Útlit virðist fyrir, að markaðsstaða áls og kísiljárns haldi áfram að batna á árinu 1984, ef spár alþjóðastofnana um endurvakinn hagvöxt í heiminum standast.

Áætlað er að álframleiðslan verði 78 þúsund tonn 1983 og vaxi í 84 þúsund tonn 1984, sem svarar nær afkastagetu álversins í Straumsvík. Kísiljárnframleiðsla er talin verða 51 þúsund tonn 1983 og 55 þúsund tonn 1984. Útflutningur annarrar iðnaðarvöru en málma hefur gengið misjafnlega árið 1983, en því er spáð að nokkur aukning verði árið 1984. Þá er reiknað með, að útflutningstekjur af þjónustu aukist um 3% 1984. Sú spá er einkar óviss, meðal annars vegna þess að enn liggja aðeins fyrir tölur um þjónustuviðskipti á fyrri helmingi ársins 1983.

Pegar framangreindar hugmyndir um útflutningsframleiðslu 1984 eru dregnar saman fæst rösklega 3% aukning útflutningsframleiðslunnar í heild, frá því sem spáð er 1983.

Að svo stöddu er örðugt að setja fram nákvæmar spár um breytingar á birgðum útflutningsvöru á næsta ári, en horfur um birgðabreytingar á líðandi ári og markaðsútlit virðist ekki gefa ástæðu til þess að reikna með stórvægilegum birgðabreytingum á næsta ári.

7. Verðlag og tekjur.

Eins og fram hefur komið var árs hraði verðbólgunnar fyrr á þessu ári kominn yfir 130%. Með þeim efnahagsráðstöfunum, sem gripið var til í maímánuði, tókst að snúa þessari þróun við og hefur árangur aðgerðanna komið glögg fram nú á allra síðustu mánuðum. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 0,7% frá ágúst til september en um 1,7% ef ekki er tekið tillit til aukinna niðurgreiðslna og verðlækkunnar á kjöti. Í októberbyrjun hækkaði vísitalan um 3,1%. Þannig var árs hraði verðbreytinga í ágúst um 22% og 44% í september samanborið við 131% á tímabilinu febrúar-maí og 118% maí-ágúst. Þá hækkaði vísitala byggingarkostnaðar að meðaltali um 2—2½% á mánuði tímabilið júlí-september sem svarar til um 30% ársbreytingar. Allar horfur eru á, að verðbólguhraðinn um áramót verði kominn niður í 25—30% á ári.

Gengisstefnan, sem er þungamiðja efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á næsta ári, og aðrir þættir, sem fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 eru á reistar, miða að því, að árs hraði verðbólgunnar verði kominn niður fyrir 10% í árslok 1984.

Áætlanir um tekju- og verðlagsbreytingar á árinu 1983 fela í sér verulega kaupmáttar-skerðingu miðað við síðasta ár, einkum á síðari hluta ársins. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að þessi þróun verði stöðvuð þannig, að kaupmáttur tekna minnki ekki frá því sem verður á síðustu mánuðum þessa árs. Í þessu gæti falist, að kauptaxtar verði að meðaltali 6% hærri árið 1984 en þeir verða í byrjun ársins og 15% hærri en að meðaltali 1983.

Þróun verðlags 1982–1983.

	Umreiknað til árs hækkunar miðað við hækkan vísitölunnar:		
	Síðustu 3 mánuði %	Síðustu 6 mánuði %	Síðustu 12 mánuði %
Framfærsluvísitalan:			
Maí 1982	51	48	46
Ágúst 1982	56	54	49
Nóvember 1982	91	73	60
Febrúar 1983	76	83	68
Maí 1983	132	102	87
Júlí 1983	101	117	96
Ágúst 1983	117	124	103
September 1983	55	87	88
Október 1983	50	74	86
Byggingarvísitalan:			
Júní 1982	59	57	54
September 1982	86	72	64
Desember 1982	54	69	63
Mars 1983	106	78	75
Júní 1983	88	96	82
Ágúst 1983	68	84	77
September 1983	29	56	66

Með hliðsjón af reynslu fyrri ára er gert ráð fyrir, að tekjur aukist heldur meira en nemur almennri hækkun taxta, til dæmis vegna áhrifa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga o. fl.. Auk þess má ætla, að tilfærslutekjur hækki heldur meira en taxtar, eins og raunin hefur orðið á undanfarin ár. Hér er hins vegar reiknað með, að þessi munur verði mun minni en undanfarin ár. Samkvæmt þessum áætlunum er gert ráð fyrir að atvinnutekjur hækki í heild um 20% á næsta ári, en heildartekjur, þ. e. að viðbættum tilfærslu- og vaxtatekjum o. fl., heldur meira eða um 21%. Eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi er að því stefnt, að skattbyrði beinna skatta ríkissjóðs haldist óbreytt milli árunna 1983 og 1984, en ekki er reiknað með breytingu á álagningu skatta sveitarfélaganna. Því er áætlað, að ráðstöfunartekjur hækki heldur minna en atvinnutekjur eða um 19% milli 1983 og 1984 í heild, eða 18% á mann. Samkvæmt þessu yrði kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild á næsta ári svipaður og á síðustu mánuðum þessa árs, en um 5–6% lakari en að meðaltali 1983.

8. Utanríkisviðskipti.

Að framan hefur verið fjallað um horfur um útflutningsframleiðslu og birgðabreytingar á árinu 1984 en breytingar viðskiptakjara valda einnig miklu um þróun útflutningstekna og viðskiptajafnaðar. Í spám fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir 3½% bata viðskiptakjaranna frá fyrra ári. Þetta er í samræmi við tölur um verðbreytingar í utanríkisviðskiptum á fyrri helmingi ársins 1983, en þær benda jafnvel til nokkru meiri bata. Þetta kynni þó að ganga að hluta til baka á síðari hluta ársins, einkum ef verð á frystum sjávarafurðum fer lækkandi auk þess sem ætla má, að innflutningsverð hafi hækkað minna á fyrri hluta ársins en búast má við á síðari hluta þess. Tölur um útflutnings- og innflutningsverð eftir mitt ár á benda þó til þess, að viðskiptakjörin muni fremur batna en versna á árinu 1984.

Í spám OECD um verðlag í utanríkisviðskiptum á árinu 1984 er gert ráð fyrir, að útflutningsverð aðildarríkja hækki um 3½% í dollurum frá fyrra ári. Þar af er verð á iðnaðarvörum talið hækka heldur minna eða um 3¼%. Verð á matvælum í dollurum hefur farið lækkandi á ný á þessu ári eftir mjög mikla lækkun árin 1981 og 1982. Í spám OECD er gert ráð fyrir að verð á hrávörum til matvælaframleiðslu hækki meira en annað verðlag í utanríkisviðskiptum eða um 7% í dollurum. Athyglisvert er, að innflutningsverð á matvælum til Bandaríkjanna er talið hækka um 4–5% að meðaltali milli árunna 1983 og 1984. Þessar spár virðast gefa tilefni til bjartsýni um horfur um útflutningsverð sjávarafurða á næstunni, en hafa verður í huga, að markaðsverð á helstu afurðum Íslendinga ræðst í meira mæli af sérstökum aðstæðum framboðs og eftirspurnar fyrir einstakar afurðir en af almennri verðþróun í utanríkisviðskiptum. Þannig kann aukið framboð á freðfiskmarkaði í Bandaríkjunum að valda því, að freðfiskverð hækki minna en almennar spár um matvælaverð benda til. Það sýnist hins vegar auka líkur á verðhækkun síðar, að freðfiskverð í dollurum hefur ekki hækkað, þegar á heildina er litið, undanfarin tvö til þrjú ár.

Með hliðsjón af spám OECD virðist mega gera ráð fyrir nokkurri verðhækkun frystiafurða, en þetta er afar óvíst og gæti verið í bjartsýnna lagi. Ekki eru taldar horfur á, að saltfiskverð hækki á ný eftir verðfall undanfarin misseri og gæti þar fremur verið hætta á áframhaldandi lækkun. Aðrar sjávarafurðir ættu hins vegar að geta hækkað nokkuð í verði þótt síldarverð heyri að líkindum til undantekningar frá því. Álverð hefur hækkað mikið á þessu ári og líkur eru taldar á áframhaldi þeirrar þróunar á næsta ári. Sama máli gegnir um kísiljárn þótt horfur þyki ekki eins bjartar í þeim iðnaði enn sem komið er. Í spánni er gert ráð fyrir 15% hækkun álverðs, 6% hækkun kísiljárnsverðs og 3% hækkun á verði annarrar iðnaðarvöru, allt reiknað í dollurum. Niðurstaða þess sem hér hefur verið rakið og byggir að mestu á spám OECD, bendir í heild til 3½–4% hækkunar útflutningsverðs í dollurum milli árunna 1983 og 1984 og er þá miðað við nokkra hækkun á freðfiskverði. Við ríkjandi

aðstæður virðist þó ekki varlegt að reikna með slíkri hækkun. Ef gert er ráð fyrir óbreyttu fredfiskverði verður hækkun útflutningsverðs í heild innan við 3%.

Í spám OECD er gert ráð fyrir 2½% hækkun innflutningsverðs í dollurum á árinu 1984, en þar af er reiknað með að olíuverð lækki um svipað hlutfall. Þessi lækkun olíuverðsins kemur í kjölfar um 10% verðlækkunar, sem spáð er fyrir árið 1983, og kemur sú spá vel heim við þar hugmyndir, sem nú er unnt að gera sér um verðbreytingar á olíuvörum í innflutningi hingað til lands á árinu. Á hinn bóginn verður að hafa í huga, að verð á olíuinnflutningi Íslendinga ræðst að verulegu leyti af verðskráningum á Rotterdammarkaði, sem geta verið mjög næmar fyrir smávægilegum sveiflum í framboði og eftirspurn. Með hliðsjón af spám OECD er hér gert ráð fyrir, að innflutningsverð í dollurum hækki um 2½—3% milli árana 1983 og 1984.

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar um útflutnings- og innflutningsverð á árinu 1984 er sú, að óvarlegt sé að reikna með viðskiptakjarabata á árinu 1984, einkum þegar haft er í huga að ofangreindar spár eru háðar veigamiklum óvissuþáttum, ekki síst um fredfiskverð, olíuverð og gengi Bandaríkjadollars.

Sem fyrr segir er í þessari þjóðhagsáætlun gert ráð fyrir rösklega 3% magnaukningu útflutningsframleiðslu. Vegna mismikilla birgðabreytinga árin 1983 og 1984 samkvæmt spánni, verður niðurstaðan sú, að útflutningur eykst heldur meira að raungildi en framleiðslan eða um tæplega 4%. Hvað verðbreytingar áhrærir er reiknað með 2½—3% hækkun útflutningsverðs í dollurum en það svarar til um 16% verðhækkunar í krónum á gengisforsendum þessarar þjóðhagsáætlunar.

Í spá um þjónustutekjur er ekki gert ráð fyrir meiriháttar breytingum að öðru leyti en því, að tekjur af varnarliði munu væntanlega aukast talsvert vegna framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Einkum af þessari ástæðu eru þjónustutekjur taldar aukast um 3% á árinu 1984.

Hér fer á eftir yfirlit yfir spána um útflutningsframleiðslu og útflutning 1984. Sem fyrr segir eru fjárhæðir á verðlagi ársins 1984 miðaðar við gengisstefnuna, sem Seðlabanki og ríkisstjórn hafa ákveðið og grein er gerð fyrir í stefnukafla þessarar þjóðhagsáætlunar. Þessi gengisstefna liggur einnig til grundvallar í fjárlagafrumvarpi, en í henni gæti falist um 13% hækkun á verði erlends gjaldeyris milli meðaltala árana 1983 og 1984. Reiknað er með, að gengi Bandaríkjadollars gagnvart öðrum helstu gjaldmiðlum heims haldist í því horfi, sem var í ágústlok 1983.

	Milljónir króna fob. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984
1. Útflutningsframleiðsla	18 300	21 915	-2,0	3,2
2. Birgðabreytingar (+ = minnkun)	-100	0	.	.
3. Vöruútflutningur	18 200	21 915	10,4	3,8
4. Þjónustutekjur	9 300	11 115	3,0	3,0
5. Útflutningur vöru og þjónustu	27 500	33 030	7,8	3,5

Á bak við það mat á útflutningshorfum 1984, sem hér kemur fram, býr auk forsendna um aflabrogð og aðrar innlendar stærðir sú skoðun, að árið 1984 verði ár endurbata í heimsbúskapnum og útflutningsmarkaðir taki við sér á ný. Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunin, OECD, spáir því, að þjóðarframleiðsla aðildarríkjanna vaxi um 3¼% 1984 og innflutningur þeirra um 5%. Þótt því sé spáð, að almenn eftirspurn á heimsmarkaði fari

vaxandi, verða ekki af slíkri spá dregnar beinar ályktanir um gengi íslensks útflutnings, þar sem framboðsaðstæður á sérhæfðum markaði ráða úrslitum um sölu og verðlag. Þannig virðist til dæmis um þessar mundir vera meiri aukning framboðs en eftirspurnar eftir frystum fiski á Bandaríkjamarkaði. En þegar öllu er á botninn hvolft, skiptir hið almenna efnahagsástand í helstu viðskiptalöndum afar miklu um vaxtarmöguleika íslenska þjóðarbúsins.

Hvað vöruinnflutning varðar sýnast horfur á, að sérstaki vöruinnflutningurinn minnki, einkum vegna minni innflutnings skipa og flugvéla en spáð er á þessu ári. Á móti því vegur raunar aukning í innflutningi til stóriðjufyrirtækja vegna framleiðsluaukningar þeirra. Alls er gert ráð fyrir um 3½% samdrætti sérstaks vöruinnflutnings. Í samræmi við forsendur spárinnar um loðnuveiðar og -vinnslu er reiknað með auknum olíuinnflutningi, en hvað annan almennan vöruinnflutning varðar benda spárnar um þjóðarútgjöld til 3% samdráttar. Í heild virðast því horfur á um 1½% minni vöruinnflutningi á næsta ári en 1983. Horfur um þjónustuútgjöld eru mjög óráðnar. Vextir af erlendum lánum vega hér langþyngst og þar verður að reikna með aukningu vegna skuldaaukningar að undanfögnu. Á móti vegur að nokkru, að ætla má að ferðamannaútgjöld minnki. Alls er gert ráð fyrir um 1½% aukningu þjónustuútgjalda. Innflutningur vöru og þjónustu yrði samkvæmt þessu ½% minni en á þessu ári. Líkt og um útflutningsverð er innflutningsverð hér talið hækka um 2½%—3% í dollurum en um 16% í krónum milli meðaltalna árána 1983 og 1984.

	Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984
1. Vöruinnflutningur fob.	17 450	19 940	- 10,4	- 1,5
2. Þjónustuútgjöld	11 200	13 190	1,5	1,5
þ. a. vextir	(3 730)	(4 500)	10,0	7,0
3. Innflutningur vöru og þjónustu	28 650	33 130	- 6,2	- 0,3

Spáin fyrir árið 1983 og þjóðhagsáætlunin fyrir árið 1984, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, gefa því eftirfarandi niðurstöður um viðskiptajöfnuð:

	Milljónir króna á verðlagi hvors árs	
	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984
Vöruskiptajöfnuður	750	1 975
Þjónustujöfnuður	- 1 900	- 2 075
Viðskiptajöfnuður	- 1 150	- 100

Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu minnkar viðskiptahallinn samkvæmt spánni úr 2,2% 1983 í 0,2% 1984.

9. Þjóðarútgjöld.

Á árinu 1983 er gert ráð fyrir um 9% samdrætti einkaneyslu, sem er minni afturkippur en beinlínis svarar breytingum kaupmáttar ráðstöfunartekna, sem spáð er að rýrni um 12% í heild frá 1982. Þótt kaupmáttur ráði til lengdar mestu um einkaneyslu eru jafnan tafir í því sambandi auk þess sem ýmis önnur atriði geta haft áhrif á neysluna. Má til dæmis nefna raunvexti og verðbólguþvælingu. Lækkandi raunvextir leiða líklega til þess að sparnaður minnkar en neysla eykst miðað við það sem ella hefði orðið. Tiltækar tölur um neysluútgjöld 1983, sem að vísu eru ófullkomnar, benda til þess, að aðrir þættir en breyting kaupmáttar, svo sem tafin áhrif, lækkandi raunvextir o. fl., hafi einmitt haft þessi áhrif á þessu ári. Margt er þó óvíst enn um neysluútgjöld 1983, vegna þeirra stórfelldu breytinga, sem orðið hafa á þjóðarhag að undanfögnu. Horfur um kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta ári og önnur atriði, sem áhrif hafa á neyslu, eru því um margt óvenjulega óvissar.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar, sem lýst er hér að framan, verður reiknað með því, að á árinu 1984 verði kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna svipaður og hann er á lokamánuðum ársins 1983, eins og nánar er skýrt að framan. Í þessu felst að kaupmáttur verði 5—6% minni að meðaltali 1984 en á árinu 1983. Á þessum grundvelli og með tilliti til annarra þátta í efnahagsþróun verður reiknað með því að einkaneysla verði um 4% minni á næsta ári, en spáð er 1983.

Að því er samneysla varðar, er einkum byggt á útgjaldatölum fjárlagafrumvarps sem fela í sér um 3% samdrátt í samneysluútgjöldum ríkisins. Áform um samneysluútgjöld sveitarfélaga eru ekki kunn en sé miðað við að þau verði svipuð og á árinu 1983 verður niðurstaðan sú, að í heild minnki samneysla um 2% á árinu 1984.

Eins og fram kemur í II. kafla þessarar skýrslu er stefnt að því að draga til muna úr fjármunamyndun á árinu 1984 frá því sem verið hefur. Er við það miðað, að heildarútgjöld til fjármunamyndunar verði innan við 24% af þjóðarframleiðslu samanborið við 25% í spá fyrir árið 1983 og 27% á árinu 1982. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 er ekki fram komin en samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum, sem meðal annars eru reistar á tölum fjárlagafrumvarps, eru horfur á 5½% samdrætti fjárfestingarinnar í heild. Þessi minnkun kemur að mestu fram í innflutningi fjárfestingarvöru og í stórframkvæmdum. Samkvæmt þessum áætlunum, sem kynnu að breytast við endanlega gerð lánsfjáráætlunar, er gert ráð fyrir, að fjárfesting atvinnuveganna verði 5½% minni en á þessu ári, íbúðabyggingar verði svipaðar og í ár en að opinberar framkvæmdir verði 8—9% minni en ætlað er að þær verði á þessu ári.

Framangreindar forsendur um neyslu og fjárfestingu fela í sér, að þjóðarútgjöld muni dragast saman um 4% 1984.

10. Yfirlit þjóðhagsáætlunar.

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984 verður sú, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur muni verða um 2½% minni en á þessu ári. Spáð er auknum vaxtagreiðslum til útlanda á árinu 1984, sem skerðir þjóðarframleiðsluna. Landsframleiðslan er ef til vill betri mælikvarði á framleiðslubreytingar við þessar aðstæður. Þjóðhagsspáin felur í sér að landsframleiðslan, og þar með umsvif í landinu, verði 1½% minni en í ár. Fjölgun er á vinnumarkaði. Þessar horfur fela í sér að nokkuð dragi úr eftirspurn á vinnumarkaði. Þó ætti atvinnuástand að geta haldist þolanlegt við þessi heildarskilyrði, ef ekki kemur til nein óvænt truflun í atvinnustarfsemi í landinu. Í þessu sambandi er þess þó að gæta, að svo mikil umskipti, sem orðið hafa að undanfögnu í þjóðarbúskapnum, hljóta að valda breytingum á vinnumarkaði, sem ekki er auðvelt að meta fyrirfram. Lítil vafi er á, að á undanfögnu árum hefur ríkt umframeftirspurn á vinnumarkaði. Ætla má að nú stefni í átt til jafnvægis. Viðunandi jafnvægi ætti að nást í viðskiptum við önnur lönd.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á atvinnuöryggi og mun því fylgjast vandlega með þróun framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði þannig að unnt verði að bregðast í tæka tíð og á réttan hátt við breytingum, sem verða kunna á atvinnuástandi.

Yfirlit þjóðhagsspár 1983 og þjóðhagsáætlunar 1984.

	Milljarðar króna á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, % ¹⁾	
	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984	Spá 1983	Þjóðhags- áætlun 1984
Einkaneysla	34 240	41 420	- 9,0	- 4,0
Samneysla	6 575	7 670	0,0	- 2,0
Fjármunamyndun	13 300	15 140	- 10,0	- 5,5
Birgðabreytingar ²⁾	100	0	- 3,3	- 0,2
Þjóðarútgjöld	54 215	64 230	- 10,9	- 4,3
Útflutningur vöru og þjónustu	27 500	33 030	7,8	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	28 650	33 130	- 6,2	- 0,3
Viðskiptajöfnuður	- 1 150	- 100	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	53 065	64 130	- 5,5	- 2,4
Verg landsframleiðsla	56 425	68 230	- 4,3	- 1,7
Viðskiptakjaraáhrif ³⁾	1,6	0,0
Vergar þjóðartekjur	- 3,9	- 2,4

- 1) Magnbreytingar í spá fyrir árið 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1982 en magnbreytingar í þjóðhagsáætlun 1984 við fast verðlag ársins 1983.
- 2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
- 3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Töfluviðauki

- Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1972–1981.
- Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972–1981. Verðlag hvers árs.
- Tafla 3. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981. Fast verðlag.
- Tafla 4. Fiskaflinn og verðmæti hans 1978–1982.
- Tafla 5. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972–1982.

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1972—1981.

	Meðaltal											
	1972-1981	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	
I. Magnaukning frá fyrra ári, %:												
Einkeysla	3,7	9,6	8,7	7,0	-10,0	1,0	8,0	6,0	2,0	1,0	5,0	
Samneysla	5,2	7,6	9,4	6,1	4,8	7,0	0,8	3,8	3,5	4,0	5,0	
Fjármunamyndun	3,3	-1,0	20,1	10,8	-8,4	-2,6	11,5	-5,4	-0,6	9,4	2,1	
Verðmætaráðstöfun alls	3,4	1,8	12,9	10,4	-7,8	-3,1	10,9	-0,2	2,6	4,2	4,6	
Útflutningur vöru og þjónustu	6,7	10,3	8,9	-0,7	1,4	11,9	10,3	15,1	6,8	2,7	1,9	
Innflutningur vöru og þjónustu	5,6	1,4	18,9	13,2	-10,3	-1,2	18,7	4,7	2,5	3,6	8,6	
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	3,7	5,7	7,7	3,5	-2,0	2,6	6,0	3,5	4,4	3,9	1,6	
Útflutningstekjur	5,8	9,0	16,7	-4,7	-7,1	18,3	15,5	13,7	-2,5	0,1	2,6	
Þjóðartekjur, vergar	3,5	5,4	11,6	1,1	-5,8	6,0	9,0	3,5	0,3	2,7	1,9	
II. Meðalmannfjöldi ársins:		209 275	212 364	215 324	218 031	220 133	221 823	223 587	225 749	228 161	230 803	
Aukning frá fyrra ári, %	1,1	1,5	1,5	1,4	1,3	1,0	0,8	0,8	1,0	1,1	1,2	
III. Magnaukning á mann frá fyrra ári, %:												
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	2,6	4,1	6,1	2,1	-3,3	1,6	5,2	2,7	3,4	2,8	0,4	
Þjóðartekjur, vergar	2,4	3,8	10,0	-0,3	-7,0	5,0	8,1	2,7	-0,7	1,6	0,7	
IV. Verðhækkun frá fyrra ári, %:												
Verðmætaráðstöfun alls	38,6	17,3	25,2	43,0	48,4	30,2	30,5	45,9	45,8	54,7	49,8	
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	38,5	17,7	31,2	41,1	39,4	34,4	35,3	46,3	40,3	52,8	50,4	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Þjóðarframléiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981.
Milljónir króna á verðlagi hvers árs.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981
1. Einkaneysla	447	609	932	1 250	1 641	2 324	3 546	5 316	8 380	13 240
2. Sameysla	72	99	156	219	300	430	683	1 022	1 622	2 520
3. Fjármunamyndun	191	286	452	636	780	1 088	1 507	2 174	3 638	5 549
4. Birgðabreytingar	-8	-2	26	37	-17	70	-39	13	103	233
5. Verðmætaráðstöfun, alls	702	992	1 566	2 142	2 704	3 912	5 697	8 525	13 743	21 542
6. Útflutningur vöru og þjónustu	262	374	481	722	1 055	1 453	2 498	3 852	5 813	8 887
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	280	400	636	936	1 099	1 550	2 419	3 917	6 126	9 910
8. Viðskiptajöfnuður	-18	-26	-155	-214	-44	-97	79	-65	-313	-1 023
9. Þjóðarframléiðsla, verg markaðsvirði (5.+8.)	684	966	1 411	1 928	2 660	3 815	5 776	8 460	13 430	20 519
10. Frádr.: Slit og úrelding fjármuna ..	85	114	172	283	371	489	753	1 138	1 799	2 829
11. Hrein þjóðarframléiðsla, markaðsvirði	599	852	1 239	1 645	2 289	3 326	5 023	7 322	11 631	17 690
12. Frádr.: Óbeinir skattar	157	231	362	521	700	978	1 462	2 173	3 540	5 760
13. Framleiðslustyrkir	33	44	75	124	126	168	311	542	775	1 140
14. Hreinar þjóðartekjur	475	665	952	1 248	1 715	2 516	3 872	5 691	8 866	13 070
15. Tekjuhreyfingar gagnvart útlöndum, nettó	9	12	19	49	73	88	161	244	411	811
16. Verg landsframléiðsla markaðsvirði (9.+15.)	693	978	1 430	1 977	2 733	3 903	5 937	8 704	13 841	21 330

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1972—1981.
Milljónir króna.

	Verðlag ársins 1969						Verðlag ársins 1980					
	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1977	1978	1979	1980	1981	
1. Einkaneysla	322,9	351,0	375,6	338,0	341,4	368,7	7 676	8 137	8 300	8 380	8 800	
2. Samneysla	40,8	44,6	47,4	49,7	53,1	53,5	1 451	1 506	1 559	1 622	1 703	
3. Fjármunamyndun	130,4	156,7	173,6	159,0	154,9	172,7	3 533	3 343	3 324	3 638	3 713	
4. Birgðabreytingar	-7,9	-3,5	9,5	12,4	-7,7	5,7	215	-131	2	103	157	
5. Verðmætaráðstufun, alls	486,2	548,8	606,1	559,1	541,7	600,6	12 875	12 855	13 185	13 743	14 373	
6. Útflutningur vöru og þjónustu	202,6	220,5	218,9	221,9	248,4	274,0	4 603	5 299	5 658	5 813	5 924	
7. Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	247,0	293,6	332,5	298,2	294,6	349,5	5 512	5 772	5 915	6 126	6 650	
8. Viðskiptajöfnuður	-44,4	-73,1	-113,6	-76,3	-46,2	-75,5	-909	-473	-257	-313	-726	
9. Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði (5.+8.)	441,8	475,7	492,5	482,8	495,5	525,1	11 966	12 382	12 928	13 430	13 647	
10. Viðskiptakjararáhrif	28,2	48,8	37,8	16,7	34,0	52,0	634	658	151	-	40	
11. Útflutningstekjur (6.+10.)	230,8	269,3	256,7	238,6	282,4	326,0	5 237	5 957	5 809	5 813	5 964	
12. Tekjuviðskiptajöfnuður (11.-7.) ..	-16,2	-24,3	-75,8	-59,6	-12,2	-23,5	-275	185	-106	-313	-686	
13. Þjóðartekjur, vergar (9.+10.)	470,0	524,5	530,3	499,5	529,5	577,1	12 600	13 040	13 079	13 430	13 687	
14. Tekjuhreyfingar gagnvart útlöndum, nettó	8,5	10,3	13,1	20,3	25,4	26,1	317	386	368	411	495	
15. Verg landsframleiðsla, markaðsvirði (9.+14.)	450,3	486,0	505,6	503,1	520,9	551,2	12 283	12 768	13 296	13 841	14 142	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Fiskaflokkur og verðmæti hans 1978–1982.

	1978	1979	1980	1981	1982
Fiskaflokkur í þús. tonna	1 566	1 649	1 514	1 441	788
Botnfiskafli alls	478	578	664	716	689
Porskur	320	360	428	461	382
Annar botnfiskur	158	218	236	255	307
Sild	37	45	53	40	55
Loðna	967	964	760	642	13
Humar, rækja og hörpudiskur	18	18	21	21	23
Annað	66	44	16	22	8
Verðmæti fiskaflokks, m. kr. á verðlagi hvers árs	668,5	1 146,8	1 823,0	2 689,7	3 460,8
Botnfiskafli alls	478,2	855,2	1 394,4	2 135,7	3 087,1
Porskur	333,7	558,8	945,7	1 475,9	1 895,3
Annar botnfiskur	144,5	296,4	448,7	659,8	1 191,8
Sild	31,4	51,1	106,8	104,8	170,4
Loðna	125,9	178,1	222,6	311,3	7,7
Humar, rækja og hörpudiskur	27,2	39,9	81,0	109,7	170,2
Annað	5,8	22,5	18,2	28,2	25,4
Magnvísitölur 1978 = 100¹⁾	100,0	116,6	126,9	126,7	111,5
Botnfiskafli	100,0	122,1	140,5	147,5	140,2
Sild	100,0	120,6	149,2	105,2	148,4
Loðna	100,0	102,2	78,7	66,6	3,7
Humar, rækja og hörpudiskur	100,0	101,5	125,0	115,6	122,4
Annað	100,0	67,9	31,3	32,1	20,9
Breyting frá fyrra ári, %					
Fiskaflokkur í tonnum	14,1	5,3	-8,2	-4,8	-45,3
Magnvísitölur ¹⁾	9,1	16,6	8,8	-0,2	-12,0

¹⁾ Verðlag ársins 1980.

Heimild: Fiskifélag Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Tafla 5. Vísitölur útlutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972–1982.

	Vísitölur 1972 = 100						Breytingar frá fyrra ári, %					
	Útlutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör		Útlutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör	
	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt
A. Verð alls útlutnings og innflutnings												
1973	143,1	131,8	123,3	113,5	116,0	43,1	31,8	23,3	13,5	16,0		
1974	191,8	159,0	183,7	152,2	104,4	34,0	20,6	49,0	34,1	-10,0		
1975	269,3	142,8	307,1	162,7	87,7	40,4	-10,2	67,2	6,9	-16,0		
1976	360,9	168,8	367,9	171,9	98,1	34,0	18,2	19,8	5,6	11,9		
1977	462,0	190,7	433,0	178,6	106,7	28,0	13,0	17,7	3,9	8,7		
1978	686,1	199,1	642,2	186,1	106,9	48,5	4,4	48,3	4,2	0,2		
1979	990,7	214,6	1 020,5	220,9	97,1	44,3	7,8	58,9	18,7	-9,2		
1980	1 455,3	228,8	1 551,2	243,7	93,8	46,9	6,6	52,0	10,3	-3,4		
1981	2 158,2	247,3	2 278,7	261,0	94,7	48,3	8,1	46,9	7,1	1,0		
1982	3 377,6	240,4	3 620,9	257,6	93,3	56,5	-2,8	58,9	-1,3	-1,5		
B. Verð útlutnings og innflutnings án viðskipta álverksmiðju												
1973	147,4	135,7	124,1	114,3	118,8	47,4	35,7	24,1	14,3	18,8		
1974	196,8	163,0	184,5	152,9	106,7	33,5	20,1	48,7	33,7	-10,2		
1975	272,4	144,3	303,1	160,7	89,9	38,4	-11,5	64,3	5,1	-15,7		
1976	364,2	170,1	360,7	168,6	101,0	33,7	17,9	19,0	4,9	12,3		
1977	466,2	192,2	427,1	176,2	109,2	28,0	13,0	18,4	4,5	8,1		
1978	689,0	199,7	630,0	182,7	109,4	47,8	3,9	47,5	3,7	0,2		
1979	977,7	211,7	1 013,7	219,6	96,4	41,9	6,0	60,9	20,2	-11,9		
1980	1 408,9	221,4	1 523,6	239,6	92,4	44,1	4,6	50,3	9,1	-4,1		
1981	2 137,3	244,9	2 235,1	256,1	95,6	51,7	10,6	46,7	6,9	3,4		
1982	3 387,6	241,0	3 549,3	252,5	95,4	58,5	-1,6	58,8	-1,4	-0,2		

Aths.: Verðvísitölur í erlendri mynt eru reiknaðar á mælikvarða miðgengis.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.